

# Íslensk málstefna fimm ára

## *Staðan metin*

[Vinnuskjal 29. ágúst 2015]

Hinn 12. mars 2014 voru fimm ár liðin frá því að Alþingi samþykkti tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskrri málstefnu sem opinberri stefnu í málefnum íslenskrar tungu. Málstefnan var birt í ritinu *Íslenska til alls — íslenske málstefna* og gefin út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu 2009. Markmiðið með málstefnunni er að íslensku sé unnt að nota á öllum sviðum íslensks þjóðlífs. Mennta- og menningarmálaráðuneyti var falið að fylgja málstefnunni eftir. Allt frá því að málstefnan var samþykkt hefur fimm manna hópur hist reglulega til að ræða einstaka þætti hennar. Mennta- og menningarmálaráðuneyti á tvo fulltrúa, Íslensk málnefnd þrjá. Í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákmarks, 5. grein, er sérstaklega tekið fram að mennta- og menningarmálaráðuneytið skuli fylgjast með því hvernig lögunum er framfylgt og getur krafið einstakar stjórnisýslustofnanir um skýrslur þar að lútandi.

Íslensk málnefnd ákvað að tímabært væri eftir fimm ár að líta yfir þann tíma sem liðinn er frá því að málstefnan var samþykkt og huga að því hvað áunnist hefur. Í *Íslensku til alls* eru ellefu kaflar og verður hér í framhaldi farið yfir hvern og einn.

### **Lagaleg staða íslenskrar tungu**

Fyrsti kaflinn í ritinu *Íslenska til alls* fjallar um lagalega stöðu íslenskrar tungu (2009: 25–29). Bent var á ýmis ákvæði í lögum og reglugerðum sem snerta einstök afmörkuð svið samfélagsins og fjölluðu um notkun íslenskrar tungu. Síðan var ástandinu lýst eins og það var þegar íslensk málstefna var samþykkt.

- Hvergi var í stjórnarskrá eða lögum kveðið á um það að íslenska skyldi vera hið opinbera tungumál lýðveldisins Íslands.

Íslensk málnefnd lagði til að tryggð yrði lagaleg staða íslenskrar tungu sem þjóðtunga Íslendinga til þess að hún megi áfram vera það tungumál sem sameinar íbúa landsins, óháð uppruna.

Hinn 6. maí 2009 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra fjögurra manna nefnd um lagalega stöðu íslenskrar tungu. Formaður nefndarinnar var formaður Íslenskrar málnefndar. Í skipunarbréfi ráðherra var mælt fyrir um að hlutverk nefndarinnar væri einkum að setja fram tillögur sem ætlað væri að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls í íslensku samfélagi. Nefndin skilaði af sér skýrslu og tillögum til ráðherra í maí 2010.<sup>1</sup> Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, talaði fyrir frumvarpi um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls 17. febrúar 2011. Lög (nr. 61/2011) voru samþykkt og tóku gildi 15. júní 2011.

- Í lögum kemur fram að íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi.
- Hvergi var í lögum kveðið á um það að íslenska skyldi notuð í störfum Alþingis Íslendinga.

Með nýjum lögum var ákveðið að íslenska sé mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, skóla á öllum skólastigum og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir og veita almannaþjónustu.

- Hvergi var kveðið á um það að lög, reglugerðir og lögskýringagögn á Íslandi skyldu vera á íslensku.

Ekkert er fjallað um þetta atriði sérstaklega í nýjum lögum en líta verður svo á að 8. grein svari þessari þörf.

- Hvergi var kveðið á um það í lögum að íslenska skyldi notuð í störfum Stjórnarráðs Íslands eða sveitastjórna á Íslandi.

Í 8. grein laganna frá 2009 er tekið fram að íslenska sé mál Stjórnarráðs Íslands og sveitarstjórna á Íslandi. Stjórnarráð Íslands hefur þegar sett sér málstefnu sem birt er á vef Stjórnarráðsins. Málstefna Stjórnarráðs Íslands var samþykkt á fundi ríkisstjórnar á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember 2012. Formaður Íslenskrar málnefndar er fulltrúi forsætisráðuneytis í nefndinni en formaður er Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir frá mennta- og menningamálaráðuneyti. Í lögum kemur enn fremur fram að ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skulu sjá til þess að hún sé notuð. Um málstefnu og stöðu íslenskrar tungu skal leitað samvinnu við Íslenska málnefnd, sbr. 6. gr.

---

<sup>1</sup> Skýrsla nefndar um lagalega stöðu íslenskrar tungu og tákn málsins. Maí 2010. 176 bls.

Tekið er fram í 10. grein að mál það sem er notað í starfsemi ríkis og sveitarfélaga eða á vegum þeirra skal vera vandað, einfalt og skýrt.

- Hvergi var kveðið á um það í lögum að íslenska skyldi notuð í almannapjónustu sem kostuð er af opinberu fé, svo sem í heilbrigðiskerfi.

8. grein nýrra laga nær til þessa atriðis.

- Aðgangur íslenskra ríkisborgara, sem lengi hafa búið erlendis, að kennslu í íslensku var ekki tryggður í lögum.
- Réttur íslenskra ríkisborgara af erlendum uppruna til íslenskukennslu var ekki tryggður í lögum.

Í *Íslensku til alls* lagði málnefndin til að tryggður yrði réttur íslenskra ríkisborgara af erlendum uppruna og erlendra ríkisborgara, er hér fá dvalar- eða atvinnuleyfi, til kennslu í íslensku svo að þeir geti tekið fullan þátt í íslensku samfélagi á íslensku. Jafnframt verði þeim gefinn kostur á að rækta eigið tungumál og menningu.

Samkvæmt 2. grein laganna skulu allir sem eru búsettir hér á landi eiga þess kost að læra og nota íslensku til almennrar þátttöku í íslensku þjóðlífi svo sem nánar er mælt fyrir um í sérlægum.

- Að jafnframt verði lagaleg staða íslensks tákn máls tryggð.

Í 3. grein laganna er tekið fram að íslenskt tákn mál er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. Skulu stjórnvöld hlúa að því og styðja. Íslenskt tákn mál er jafnrétt hátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota. Að auki taka lögin til þeirra sem blindir eru með því að samþykkt var að íslenskt punktaletur væri fyrsta ritmál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Hver sem hefur þörf fyrir blindralestur vegna skerðingar á sjón skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt punktaletur um leið og hann hefur getu til.

Íslenska ríkið og sveitarfélög eiga að stuðla að þróun, rannsóknum, kennslu og útbreiðslu íslensks tákn máls og styðja að öðru leyti við menningu, menntun og fræðslu fyrir heyrnarlaus, heyrnarskerta og daufblinda. Um málstefnu og stöðu íslensks tákn máls skal leitað samvinnu við málnefnd um íslenskt tákn mál, sbr. 7. gr.

Í 13. grein laganna er tekið fram að lögð skuli áhersla á að fræðiheiti á ólíkum sviðum í íslensku tákn máli nái að þróast og séu notuð.

Auk þeirra atriða sem fram eru komin má benda á að staða Íslenskrar málnefndar er skýrari en áður. Hún er ekki lengur lagagrein í lögum um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum heldur fellur hún undir lög um íslenska tungu. Þar er tekið fram að skrifstofa Íslenskrar málnefndar sé í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem sjái henni fyrir ritara.

Einnig ber að fagna því að stjórnvöld skuli eiga að stuðla að því að íslenskur fræðiorðaforði á ólíkum sviðum eflist jafnt og þétt, sé öllum aðgengilegur og notaður sem víðast. Á mikilvægi þessa er dregið í flestum köflum *Íslensku til alls*.

Að lokum er í 12. grein tekið fram að íslenska er opinbert mál Íslands á alþjóðavettvangi.

#### *Niðurstæða*

Mikilvægt skref var stigið með setningu laga um íslenska tungu og íslenskt táknmál. En skref er ekki nóg. Nú þarf að sjá til þess að lögunum verði framfylgt á öllum þeim sviðum sem þau ná til. Víða er pottur brotinn og mikilvægt að mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi frumkvæði að því að íslensku verði hægt að nota á öllum sviðum íslensks þjóðlífs.

### **Leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar**

#### *Markmið í Íslensku til alls og mat á árangri*

Íslensk málnefnd leggur til markmið sem eiga að efla stöðu íslenskunnar og aðgerðir svo að þeim verði náð. Markmiðin eru:

- Að íslenskir grunn- og framhaldsskólanemendur standi jafnfætis jafnöldrum sínum annars staðar í Evrópu, þar með talinn lesskilningur.

Niðurstöður PISA-rannsókna 2006 og 2012 benda ekki til að neinn árangur hafi náðst á þessu sviði. Þjóðaráttak í læsismálum hófst í ágúst 2015 og er því meðal annars ætlað að ráða bót á þessum vanda. Aðferðafræði átaksins er umdeild. Einblínt er á tæknilega hlið lestrar en lítið framhjá því að börn verða að hafa gaman af því að lesa til að vilja lesa. Ekkert á að gera til að auðvelda börnum aðgengi að bókum - á þetta hafa rithöfundar, bókaútgefendur, bókasafnsfólk og fleiri bent enda var ekkert samráð haft við fólk sem vinnur við að kveikja lestraráhuga.

- Að íslenskir kennarar á öllum skólastigum séu þjálfaðir í málbeitingu og hæfir til að efla málkennd og málþroska barna og unglinga.

Þetta hefur ekki gengið eftir og sérstaklega skal bent á að dregið hefur úr íslenskukennslu í menntun leik- og grunnskólakennara við Háskóla Íslands.

- Að íslenskukennarar í grunnskólum séu sérmenntaðir í námsgreininni íslensku.

Allt of fáir kennaranemar velja íslenskukjörsvið í kennaranámi við Háskóla Íslands til þess að hægt sé að ná þessu markmiði. Ekkert íslenskukjörsvið er við Háskólann á Akureyri.

- Að menntun móðurmálskennara á öllum skólastigum til að kenna íslensku sem annað mál verði eflað.

Þetta hefur ekki gengið eftir í kennaranámi í Háskóla Íslands að því undanskildu að eitt námskeið er í boði á íslenskukjörsviði á Menntavísindasviði HÍ þar sem kennaraefni fá sameiginlegan undirbúning fyrir kennslu íslensku og stærðfræði.

- Tryggja þarf með reglugerð að kennsla og umönnun barna á leikskólum fari að mestu fram á íslensku.

Aðalnámskrá leikskóla er ígildi reglugerðar með lögum um leikskóla. Ekki er minnst á þetta í henni.

- Að allt notendaviðmót í tölvum í íslenskum leik-, grunn- og framhaldsskólum sé á íslensku.

Þetta gekk eftir í Reykjavík og mögulega í öðrum sveitarfélögum en málið hefur ekki fylgt með í þeirri byltingu sem orðið hefur í upplýsingatækni eftir að málstefnan var samþykkt svo þarna hefur orðið afturför.

### *Aðgerðir í Íslensku til alls og mat á árangri*

Málnefndin leggur til aðgerðir svo þessum markmiðum verði náð. Fyrst og fremst leggur hún til:

Að yfirvöld menntamála sjái til þess að hlutur móðurmálskennslu verði aukinn í öllu skólakerfinu, frá leikskóla upp í háskóla. Í leikskóla þurfa börn að fá nauðsynlega málörvun og í grunn- og framhaldsskólum þarf að verja meiri tíma til móðurmálskennslu en nú er gert.

Í aðalnámskrá leikskóla er eitt af sex meginmarkmiðum uppeldis og kennslu að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku. Málþroski er aftur á móti ekki lengur eitt af námssviðum leikskólans. Þess í stað er komið námssviðið læsi og samskipti. Vinna með málþroska og málörvun virðist heyra undir það svið þótt þessi hugtök séu hvergi nefnd. Undir þessu námssviði eiga börn að fá „ríkuleg tækifæri til að:

- eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum,
- endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi,
- tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði,
- kynnast tungumálinu og möguleikum þess,
- njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri,
- þróa læsi í víðum skilningi,
- öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu,
- deila skoðunum sínum og hugmyndum,
- nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar,
- velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða“

(Aðalnámskrá leikskóla 2011:42)

Í námskránni eru talin upp tuttugu og tvö leiðarljós leikskóla og það allra síðasta er:

„Í leikskóla á að nýta þau tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til að efla íslenska málvitund þar sem börnin læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið.“

(Aðalnámskrá leikskóla 2011:33)

Hvergi er minnst á málþroska, móðurmál eða börn sem eiga annað móðurmál en íslensku.

Minnst er á að tungumálið þjálfist í leik, að það sé leið til tjáningar, að börnin eigi að fá ríkuleg tækifæri til að kynnast tungumálinu og möguleikum þess og öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu og að deila skoðunum sínum og hugmyndum. Aðeins á einum stað er minnst á málörvun. Aftur á móti eiga börnin að fá tækifæri til að kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum. Nánast er sneitt hjá þeirri staðreynd að á þessum aldri eru börnin á næmasta og jafnframt viðkvæmasta skeiði máltökunnar. Viðurkennt er að það getur skipt sköpum fyrir lestrarnám, og þar með talið allt nám barnsins í framtíðinni, hversu góðum tökum það nær á móðurmáli sínu og öðru máli sínu á þessu viðkvæma skeiði. Í fyrri námskrá, frá 1999, var sérstakur kafli um málrækt sem var eitt af námssviðum leikskólans og eitt af markmiðum leikskólans var að efla málþroska barnsins með margvíslegum hætti. Málnefndin hlýtur að spyrra hvað hafi gerst

í millitíðinni og hvers vegna áherslan á máltökuna sé bókstaflega horfin úr aðalnámskrá leikskóla. Málstefna er ekki nefnd í þessari námskrá.

#### *Grunnskólar*

Í nýrri Aðalnámskrá grunnskóla (2013) er lögð áhersla á mikilvægi þess að grunnskólar marki sér málstefnu á grundvelli aðalnámskrár og íslenskrar málstefnu og að henni sé fylgt á öllum námssviðum. Þetta er nýmæli og gera má ráð fyrir að grunnskólar hafi ekki enn markað sér málstefnu en það verður athyglisvert að sjá hvernig þeir bregðast við og ástæða er til að fylgja því eftir.

Í viðmiðunarstundaskrá nýrrar aðalnámskrár hefur hlutur íslensku aukist nokkuð. Hann var um 16% í gildandi aðalnámskrá þegar málstefnan var birt (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti, 2006) en er nú rúm 18% (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti og greinasvið 2011 og 2013). Enn stöndum við nágrönnum okkar þó langt að baki miðað við upplýsingar sem gefnar eru um móðurmálskenndu annars staðar á Norðurlöndunum í Íslensku til alls. Þá ollu niðurstöður síðustu PISA-könnunar, sem birtar voru 2013, miklum vonbrigðum því þar kom í ljós að lesskilningur íslenskra unglinga er afar slakur.

#### *Framhaldsskólar*

Í nýjum almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla er ekki minnst á málstefnu, hvað þá að skólar eigi að marka sér slíka. Aftur á móti er tekið fram að framhaldsskólar skuli leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, auk annarra þátta. Lágmarkskröfur um einingafjölda í íslensku til stúdentsprófs hafa verið auknar úr 10,7% (Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennur hluti, 2004) í 12,5% af heildareiningafjölda (Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennur hluti, 2011).

#### *Menntun grunnskólakennara*

- Að menntun kennara í íslensku verði aukin. Lágmarkskrafan verði sú að grunnskólakennarar hafi að minnsta kosti 60 eininga nám (eins árs nám) að baki í íslensku máli, bókmenntum og kenndu íslensku sem annars máls af 300 einingum í fimm ára námi til kennaraprófs. Inni í þeim einingafjölda eiga ekki að vera námskeið sem snúa að tæknilegum atriðum eins og ritgerðasmíð. Sérhver kennari, frá leikskóla upp í framhaldsskóla, þarf að vera góð málfyrirmynd og hæfur til þess að efla málkennnd og mállþroska barna og unglinga.

Það er langur vegur frá því að nokkuð hafi verið gert í þessa átt. Þrátt fyrir að grunnskólakennaranám hafi verið lengt úr þremur árum í fimm, og reyndar menntun

leikskólakennara líka, hefur íslenskukennsla ekki verið aukin heldur þvert á móti. Á Menntavísindasviði Háskóla Íslands er lítið á íslensku sem hverja aðra kennslugrein en ekki það tæki sem hún er til þess að afla sér menntunar og eiga í samskiptum jafnt í skóla sem á öðrum sviðum mannlífsins. Kennaranemar sem velja að taka íslensku sem kjörsvið fá meiri kennslu í greininni en áður, rétt eins og þeir sem velja sér dönsku, stærðfræði, textílmennnt eða smíðar sem kjörsvið. Sem svar við háværum kröfum íslenskukennara á sviðinu og annarra sem láta sig málið varða var sett inn eitt tíu eininga skyldunámskeið um íslensku og stærðfræði í grunnskóla og því er skipt bróðurlega milli þessara greina þannig að í þrjú hundruð eininga kennaranámi fá kennaraefni sem ekki velja íslenskukjörsvið fimm einingar í íslensku auk eins tíu eininga tæknilegs inngangsnámskeiðs um ritgerðasmíð og framsögn í háskólanámi, eins og yfirleitt er í boði við upphaf háskólanáms í öllum deildum háskólans.

Við Háskólann á Akureyri er staðan önnur og betri. Þar taka allir leikskólakennaranemar tvö námskeið í íslensku, alls 12 ECTS og allir grunnskólakennaranemar taka fjögur námskeið, þar af eitt á M.Ed.-stigi, samtals 23 ECTS. Grunnskólakennaranemar á hugvísinda- og tungumálasviði taka 29 ECTS. Allir M.Ed.-nemar, þ.e. í námi til kennsluréttinda, taka 5 ECTS í íslensku.

- Að ekki kenni aðrir móðurmál í grunnskóla en þeir sem lokið hafa háskólaprófi í íslensku, þ.m.t. af íslenskukjörsviði í kennaranámi, og ekki kenni aðrir íslensku í framhaldsskóla en þeir sem lokið hafa meistaraþrófi í íslenskri málfræði, íslenskum bókmenntum eða íslenskum fræðum. Þetta er í samræmi við lög til dæmis í Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku.

Allir sem fá leyfisbréf og mega kalla sig grunnskólakennara fá um leið leyfi til að kenna allar námsgreinar, óháð því hvort þeir hafa til þess þá þekkingu í greininni sem æskilegt má teljast. Þar sem íslenska er umfangsmesta námsgreinin í grunnskóla má ljóst vera að nær allir kennarar munu einhvern tímann á starfsferli sínum kenna hana og af því sem að framan greinir er jafnljóst að fæstir þeirra hafa til þess þá þekkingu sem þarf. Nauðsynlegt er að þeir sem skipuleggja kennaranám taki mið af þessari staðreynd og jafn nauðsynlegt að yfirvöld menntamála taki til rækilegrar athugunar hvort rétt sé að skilyrða leyfisbréf kennara við þá námsgrein sem þeir hafa sérhæft sig til að kenna. Þar mætti líta til nágrannaþjóðanna, t.d. Finna sem draga skýrar línur í þeim efnum.

- Að íslenskar barna- og unglíngabókmenntir eigi greiða leið inn í skólakerfið og hvatt verði til lestrarátaks á öllum skólastigum. Menntun leik- og grunnskólakennaranema í barnabókmenntum verði eflað með það að markmiði að auka áhuga barna- og unglínga á lestri.



Ekki þarf að fjölyrða um það að menntun kennara í barna- og unglingabókmenntum hefur ekki verið eflað. Sá munur er þó á kennaranámi í Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri að allir nemendur við HA taka 6 ECTS í barna- og unglingabókmenntum en ekkert sérsníðið námskeið í barna- og unglingabókmenntum er í kjarna kennaranáms á Menntavísindasviði HÍ, hvorki á leikskólakennarabraut né grunnskólakennarabraut. Í grunnskólum hefur aftur á móti verið gripið til margvíslegra aðgerða og lestrarátök, upplestrarkeppnir og lestrarefning eru víða fastur hluti af skólastarfinu auk þess sem nú er hafið þjóðaráttak í læsi.

Barnabókaútgáfa stendur höllum fæti. Þar munar ekki lítið um ástandið í skólasöfnunum. Niðurskurður til skólasafnanna hófst í sumum tilfellum þegar grunnskólarnir fluttust yfir til sveitarfélaganna en varð almennur við hrun. Sums staðar urðu fjárveitingar að engu, annars staðar var skorið niður um helming, öll söfn virðast hafa fengið að kenna á niðurskurðarhnífnum. Á sama tíma hækkaði bókaverð umtalsvert (a.m.k. 30%) m.a. vegna aukins pappír- og prentkostnaðar á herra gengi. Svo bætist virðisaukaskattshækkunin við í fyrra. Skólasöfnin kaupa þúsundum færri eintök af barnabókum á ári en þau gerðu. Meðalsala á barnabók er ekki nema um 1000 eintök svo þetta hefur gríðarleg áhrif.

Rétt er að benda á að aðildarríki Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna skuldbinda sig til að sjá til þess að (17.gr. c) „Stuðla að því að barnabækur séu samdar og þeim dreift.“ Þessu sinna íslensk stjórnvöld alls ekki. Barnabókaútgáfa fær enga styrki og opinberar stofnanir sem gætu komið að málum, fyrst og fremst skólasöfnin, hafa ekki efni á því að standa sig.

Í Bókatíðindum 2014 eru 74 bækur í flokknum íslenskar barnabækur, í flokknum þýddar barnabækur er 91. Við nánari skoðun kemur í ljós að margar af þessum bókum eru endurútgáfur og í þýdda flokknum eru alls konar límmiðabækur og bækur sem eru nær því að vera leikföng en lesefni. Í flokknum skáldverk fyrir 10-12 ára er eingöngu að finna 15 bækur. Flokkurinn Ungmennabækur innihélt aðeins sex íslenskar bækur og tólf þýddar í fyrra.

Unglingarnir verða sem sagt harðast úti; einungis 6 frumsamdar bækur á íslensku fyrir unglinga er allt of lítið. Það eru einmitt unglingarnir sem lesa minnst og jafnframt er ætlast til að þeir nái betri árangri í PISA-prófunum. Samhengið milli árangurs í lesskilningi og bókaútgáfu og aðgengis barna og unglinga að bókum virðist aldrei vera skoðað.

Það sem þó hefur breyst til hins betra er að veitt eru barnabókmenntaverðlaun, svo sem Barnabókaverðlaun Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur, IBBY á Íslandi eiga þátt í margvíslegum verðlaunum og tilnefna m.a. íslenska höfunda til fjölþjóðlegra verðlauna. Nýjung er að Barnabókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs, sem fóstruð eru á Íslandi og voru veitt í fyrsta sinn 2013 og nú eru einnig veitt verðlaun fyrir barnabækur á Íslensku bókmenntaverðlaununum.

- Að þáttur sköpunar og tjáningar á íslensku verði eflur á öllum skólastigum.

Í nýjum aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla er áhersla á þessa þætti eflur til mikilla muna. Aðalnámskrá leikskóla fær aftur á móti felleinkunn í öllum þáttum sem snerta íslenskt mál eins og fram hefur komið og hún virkar ekki hvetjandi fyrir leikskóla að setja slíka þætti inn í skólanámskrár sínar.

- Að samstarf verði aukið á milli framhaldsskóla og viðeigandi sviða innan Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri við gerð námskrár í íslensku í framhaldsskólum og þegar ákvarðanir eru teknar um kjarnanámskeið á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og í hug- og félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Þannig verður menntun framhaldsskólakennara á öllum sviðum íslensku betur tryggð.

Í öllum aðalnámskránum er fjallað um samstarf eða öllu heldur brú milli skólastiga. Í lögum um grunn- og framhaldsskóla er kveðið á um leiðir fyrir kennara til að mennta sig til kennslu á milli skólastiga. Ekki hefur tekist að hafa upp á upplýsingum um hvort markvísst samstarf hefur verið milli framhaldsskóla og háskóla um gerð aðalnámskrár.

- Að menntun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara taki mið af breyttu hlutverki íslenskukennara í skólakerfinu. Kennarar sinna nú fjölbreyttari nemendahópi í starfi sínu en áður, meðal annars ört vaxandi fjölda barna og unglínga af erlendum uppruna.

Sem fyrr segir hefur þessi menntun ekki verið aukin á nokkurn hátt né hefur henni verið stefnt í þessa átt. Ekkert námskeið er um íslensku sem annað mál við Háskólann á Akureyri. Nemendum á íslenskukjörsviði á Menntavísindasviði býðst eitt námskeið á framhaldsstigi um íslensku sem annað mál og sú grein hefur til skamms tíma verið hluti af kennslu í fjölmenningu á Menntavísindasviði. Þetta dugir þó engan veginn því það er langt frá því að allir kennaranemar fái kennslu og þjálfun í samræmi við það sem Íslensk málnefnd fer fram á.

- Að fræðslufyrirvöld setji sér það markmið að innan þriggja ára verði allt notendaviðmót í tölvum í íslenskum leik-, grunn- og framhaldsskólum á íslensku.

Eftir að málstefnan var samþykkt gætti tregðu í sveitarfélögum við að hafa notendaviðmót í tölvum í skólum á íslensku. Reykjavíkurborg gekk þó á undan með góðu fordæmi og hefur síðan haft íslenskt notendaviðmót í öllum skólum sínum. Síðan hefur aftur á móti orðið bylting í þróun og notkun tölva með tilkomu snjalltækja. Skólarnir hafa tekið snjalltækin í þjónustu sína en málið hefur ekki fylgt tækninni og því er mestallur hugbúnaður sem fylgir þessum nýjum tækjum á ensku en ekki íslensku. Auk þess vantar kennslufni á íslensku fyrir snjalltæki og ekki síður aðlaðandi rafbækur á íslensku fyrir börn og unglunga til að spjaldtölvur nýtist til yndislestrar. Til eru falleg rafbókasöfn á ensku sem eru virkilega lestrarhvetjandi, sbr. Epic!, [www.getepic.com](http://www.getepic.com). Þetta bráðvantar hér á landi. Spjaldtölvuvæðingin og skortur á íslensku námsumhverfi, námsefni og lesefni er angi af miklu stærra máli, nefnilega því hvernig íslensk stjórnvöld ætla að bregðast við tæknibyltingunni og hvort þau ætla að leggja áherslu á og fé í að gera Íslendingum og íslenskunni kleift að halda í mál sitt og geta notað það á öllum sviðum samfélagsins. Það má reyndar segja að það hvort hægt sé að nota nýjustu tækni á íslensku varði rétt fólks til þess að fá að tjá sig á móðurmálinu og nýta öll hjálpartæki daglegs lífs á því máli sem málnotendum er tamast, sem þeir kunna best og eiga auðveldast með að tjá sig á.

#### *Niðurstöður*

Það er ljóst að málstefnan hefur haft nokkur áhrif í skólakerfinu. Stigin hafa verið skref í þá átt að auka þátt íslensku í aðalnámsskrám grunn- og framhaldsskóla. Mjög jákvætt er að grunnskólar eiga að setja sér málstefnu. Í veigamiklum atriðum hefur þó orðið mikil afturför. Íslenska er ekki hluti af menntun leik- og grunnskólakennara við Háskóla Íslands, nema þeirra sem velja íslenskukjörsvið. Staðan er mun betri í Háskólanum á Akureyri þótt enn vanti mikið upp á að 60 eininga markmiðinu hafi verið náð þar.

Hlutur málþroska og málörvunar er fyrir borð borinn í aðalnámsskrá leikskóla. Loks hefur málið setið eftir í upplýsingatæknibyltingunni. Það er mikilvægt að snúa þróuninni við á þessum sviðum og ef til vill er kominn tími til að beina athyglinni í auknum mæli að réttindum barna til þess að öðlast bestu mögulega færni í móðurmáli sínu og því máli sem nám þeirra fer fram á sem og rétti allra til að fá að nota málið á öllum sviðum samfélagsins.

## Íslenska í háskólum, vísindum og fræðum

Háskólasamfélagið á Íslandi er alþjóðlegt og því er eðlilegt að þar séu notuð ýmis erlend tungumál samhliða íslensku. Íslensk málnefnd leggur á það ríka áherslu að að staða íslensku í íslensku vísinda- og háskólasamfélagi verði tryggð.

### *Háskólar*

Til að tryggja stöðu íslenskrar tungu í háskólum á Íslandi lagði Íslensk málnefnd eftirfarandi til:

- Stefna ætti að því að allir háskólar á Íslandi setji sér skýra málstefnu þar sem staða íslenskrar tungu sé tryggð. Menntamálaráðuneytið hafi eftirlit með því að málstefnu háskólanna sé fylgt.

Háskólarnir hafa nú allir nema Háskólinn í Reykjavík sett sér málstefnu.

- Hvetja ætti til þess að samskiptamál innan háskóla á Íslandi sé að öllum jafnaði íslenska og að kennsla fari almennt fram á íslensku. Kennsla á öðru tungumáli á að heyra til undantekninga og gera á þá kröfu að fylgst verði með málfarslegum gæðum þeirrar kennslu. Sömuleiðis þarf að fylgjast með því að íslenskum stúdentum sé kynntur fræðiorðaforðinn á íslensku.

Skólaárið 2011–2012 voru um 80% kenndra námskeiða í grunn- og framhaldsnámi við Háskóla Íslands á íslensku en um 12% á ensku og 8% á öðrum málum í kennslu erlendra tungumála. Við Háskólann í Reykjavík voru 23% kenndra námskeiða á ensku, 17% við Háskólann á Akureyri, 18% við Háskólann á Bifröst, 6% við Listaháskóla Íslands og 4% við Hólaskóla, en annars fór kennsla fram á íslensku (kennsla á öðrum málum en íslensku og ensku er óveruleg eða engin við aðra skóla en Háskóla Íslands). Við Landbúnaðarháskóla Íslands fór öll kennsla fram á íslensku. Almennt er kennsla á ensku mun meiri í framhaldsnámi en í grunnnámi, en þó er Háskólinn á Bifröst undantekning á því. Torvelt er að fá samanburðarhæf gögn langt aftur í tímann en svo virðist sem kennsla á ensku hafi aukist hægt undanfarið fimm ár.

- Stefna ætti að því að allir háskólar á Íslandi bjóði hagnýta kennslu í íslensku fyrir erlenda kennara sína og nemendur.

Háskóli Íslands býður nú upp á diplómanám í íslensku sem öðru máli. Lítil sem engin kennsla er við aðra háskóla.

- Efla verður íðorðasmíð innan allra háskólanna og koma þarf á samvinnu um íðorðanotkun milli þeirra skóla sem bjóða kennslu í sömu greinum. Best verður að íðorðasmíð staðið ef þeir sem taka hana að sér fá kennslu í fræðilegum vinnubrögðum.

Ekki verður séð að nokkur breyting hafi orðið á hér síðan málstefnan var samþykkt.

- Gerð verði sú krafa til háskóla á Íslandi að þeir noti tölvur með íslensku viðmóti í tölvuverum sínum.

Notkun íslensks notendaviðmóts hefur breiðst nokkuð út. Það má líklega fyrst og fremst þakka breytingum á stýrikerfishugbúnaði sem auðveldar skipti á milli ólíkra tungumála.

#### *Vísindi og fræði*

Til þess að tryggja stöðu íslenskrar tungu í vísindum og fræðum almennt lagði Íslensk málnefnd til:

- Háskólar, rannsóknastofnanir og fræðafélög á Íslandi verði hvött til að hafa forystu um vandað íslenskt mál á fræðasviðum sínum.
- Háskólar á Íslandi hvetji kennara og nemendur til að birta fræðilegt efni á íslensku og sjái til þess að það verði ekki lægra metið en skrif á erlendum málum.
- Hvetja þarf útgefendur fræðilegra tímarita á íslensku til að koma ritum sínum inn á lista *ISI*.

Nokkuð hefur áunnist í þessum efnum og má nefna tvennt sérstaklega. Í vinnumati opinberra háskóla er nú, auk *ISI*-listans, þar sem langflest tímarit eru á ensku, tekið mið af European Reference Index for the Humanities (*ERIH*), en þar eru miklu fleiri tímarit á öðrum tungumálum en ensku. Í annan stað hefur fjölgað á lista *ISI* þeim tímaritum sem birta greinar á íslensku og fyrirsjáanlegt er að þeim muni fjölga frekar á næstu misserum.

- Taka þarf upp markvissa kennslu í íðorðasmíð og málfarsráðgjöf fyrir orðanefndir deilda eða faghópa. Háskólakennarar og aðrir sem þekkingu hafa á ákveðnum sviðum verði hvattir til að vinna við íðorðasmíð og efla þarf viðurkenningu á íðorðastarfi í háskólum og fræðasamfélaginu almennt. (Sjá einnig *Þýðingar og túlkun*.)

Ekki verður séð að nokkur breyting hafi orðið á hér síðan málstefnan var samþykkt. Kennendur hafa verið námskeið í íðorðasmíð en ekki reglulega.

- Nemendur verði hvattir til að skrifa lokaritgerðir (meistara- og doktorsritgerðir) á íslensku. Þeir fái hjálp til að koma rannsóknarniðurstöðum á framfæri í alþjóðlegum tímaritum og þeim bjóðist fagleg aðstoð við að þýða efnið á erlent mál.
- Ef doktorsritgerð er birt á erlendu máli ætti að gera þá kröfu til doktorsefnis að það birti vandaðan útdrátt, lengri en nú tíðkast, úr ritgerðinni á íslensku og birti greinar í ritrýndu íslensku tímariti um efni ritgerðarinnar og rannsóknarniðurstöður.

Við Háskóla Íslands er jafnan gerð krafa um útdrátt á íslensku ef ritgerð er skrifuð á öðru máli en íslensku.

- Hvetja á fræðimenn hvarvetna í þjóðfélaginu til að kynna fræði sín fyrir almenningsi í fyrirlesturum og greinum með því að meta slíkar kynningar til eininga í matskerfi skólanna.
- Brýna verður útgefendur fræðiritra og fræðibóka til að halda áfram að gefa út á íslensku og leita þarf leiða til að tryggja að fræðibækur geti komið út bæði á íslensku og erlendu máli.

Efning Háskólaútgáfunnar hefur skapað betri grundvöll fyrir birtingu fræðiritra á íslensku.

### **Íðorð og íslensk málstefna**

Í flestum köflum Íslensku til alls er minnst á mikilvægi íðorðastarfs. Vakin er athygli á því að íslensk tunga verður að búa yfir nauðsynlegum orðaforða til þess að hún geti verið nothæf í vísindum og fræðum. Í Íslensku til alls er m.a. lagt til:

- Að efla verður íðorðasmíð innan allra háskólanna og koma þarf á samvinnu um íðorðanotkun milli þeirra skóla sem bjóða kennslu í sömu greinum. Best verður að íðorðasmíð staðið ef þeir sem taka hana að sér fá kennslu í fræðilegum vinnubrögðum. [Bls. 49]

Því miður hefur ekki verið mikið um samvinnu um íðorðanotkun milli skóla sem bjóða kennslu í sömu greinum. Samræmi í íðorðanotkun er þó ótvírætt mjög mikilvægt eigi íðorðastarf að vera markvisst. Æskilegt er að tekin verði saman íðorðasöfn með skilgreiningum og orðasöfnin gerð öllum aðgengileg, t.d. í orðabankanum ([www.ordabanki.hi.is](http://www.ordabanki.hi.is)), til þess auka líkur á samræmi í íðorðanotkun. Viðurkennd íðorð

og skýr hugtakanotkun er grundvöllur undir faglega orðræðu á íslensku og nauðsynleg til þess að unnt sé að birta rannsóknir á íslensku og miðla þekkingu til nemenda og alls samfélagsins.

Varðandi kennslu í fræðilegum vinnubrögðum: sjá athugasemdir við lið um að stutt verði við kennslu í íðorðasmíð á bls. 14.

- Að háskólakennarar og aðrir þeir sem þekkingu hafa á ákveðnum sviðum verði hvattir til að vinna við íðorðasmíð og að efla þurfi viðurkenningu á íðorðastarfi í háskólum og fræðasamfélaginu almennt. [Bls. 58]

Til þess að þetta geti orðið að veruleika þyrfti að koma umbun fyrir í vinnumati háskólakennara og/eða að stórefla möguleika á styrkjum fyrir íðorðastarf. Vandað og markvisst íðorðastarf er tímafrekt og ekki er hægt að ætlast til þess að það fari eingöngu fram í sjálfboðavinnu. Helsti möguleiki á styrkjum er að sækja um í Málræktarsjóð sem hefur það meginmarkmið að styðja hvers konar starfsemi til eflingar íslenskri tungu. Því miður hafa mjög fáir fengið úthlutað úr þeim sjóði (<http://malraektarsjodur.is/index.php/uthlutanir-og-umsoknareydublod/styrkveitingar-malraektarsjods>).

Reynslan hefur sýnt að fjárstyrkur getur skipt sköpum fyrir íðorðastarf. Orðanefndir, sem fengið hafa styrk, hafa getað ráðið tímabundið starfsmann (ritstjóra eða ritara) sem vinnur milli funda. Þannig nýtist þekking sérfræðinga í orðanefndum betur og það flýtir fyrir því að orðanefndir geti lokið verkum með því að gefa út orðasafn.

- Að skipulega verði unnið að íðorðasmíð og orðasöfn gerð aðgengileg á bók eða með rafrænum hætti. [Bls. 66]

Til þess að hægt sé að tala og rita um sérhæfð efni á íslensku er brýnt að íðorðastarfi verið haldið áfram þannig að sérfræðimál haldi áfram að þróast. Þeir sem vinna slíkt íðorðastarf þurfa að hafa mikla fræðilega þekkingu, hvort sem þeir starfa í orðanefndum fagfélaga eða á vegum háskóla.

Ekki er nóg að unnið sé skipulega að íðorðasmíð, íðorðunum þarf að koma á framfæri þannig að orðaforðinn hljóti sem mesta útbreiðslu. Orðasöfnin þurfa að vera aðgengileg, helst með rafrænum hætti. Mælt er með því að orðasöfnin séu í orðabanka Íslenskrar málstöðvar, [www.ordabanki.hi.is](http://www.ordabanki.hi.is).

- Að stutt verði við íðorðastarfsemi, bæði með kennslu í íðorðasmíð og skipulegum stuðningi við orðanefndir og viðurkenningu á íðorðastarfi og í háskólum og fræðasamfélaginu almennt. [Bls. 94]

Á málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er stutt við íðorðastarfsemi. Boðið er upp á leiðbeiningar í vinnubrögðum við íðorðastarf, s.s. um skráningu upplýsinga, hvernig skilgreiningar eru skrifaðar og hvernig vinnuferlið er skipulagt. Bent er á tvö smárit Íslenskrar málnefndar, Orðmyndun. Um leiðir til að auka íslenskan orðaforða. og Leiðbeiningar um íðorðastarf, sem bæði komu út árið 2004 og eru góður stuðningur við íðorðastarf.

Námskeið í íðorðafræði hefur verið kennt við Háskóla Íslands frá árinu 2008 og þar eru m.a. kenndar meginreglur og aðferðir í skipulegu íðorðastarfi.

Hvað varðar viðurkenningu á íðorðastarfi í háskólum og fræðasamfélaginu almennt þá er umbun nauðsynleg í vinnumatí (sjá athugasemdir við 2. lið). Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að fræðimenn séu reiðubúnir til að fórna tíma sínum til að sinna íðorðastarfi á vegum háskóla án nokkurrar umbunar.

Íðorðastarfsemi fer víða fram í þjóðfélaginu. Orðanefndarfyrirkomulagið er algengt en það er með ýmsu móti. Ýmis fagfélög hafa stofnað orðanefndir en orðanefndum hefur einnig verið komið á fót af öðrum. Sumir í orðanefndunum eru kennarar við háskólann en aðrir eru starfandi úti í þjóðfélaginu.

Mikilvægt er finna leiðir til að skapa skilyrði til þess að íðorðastarfsemin geti dafnað. Það er fyrst og fremst áhugi manna sem ræður því hvernig til tekst með íðorðastarf og ef áhuga og skortir gerist lítið. Það hefur að mestu ráðist af áhuga einstaklinga hvar íðorðastarf er öflugt. Til eru mörg sérsvið þar sem mikil þörf væri á íðorðastarfi en þeir sem á því sviði starfa hafa ekki sinnt því af einhverjum ástæðum.

- Að orðabankar á Netinu verði eflir og kynntir. [Bls. 94]

Orðabanki Íslenskrar málstöðvar ([www.ordabanki.hi.is](http://www.ordabanki.hi.is)) er öllum opinn án endurgjalds og er hann mikill stuðningur fyrir íðorðastarf. Í orðabankanum er hægt að leita í fjölmörgum íðorðasöfnum og stuðlar hann að auknu samræmi bæði í orðanotkun og skilgreiningum. Hann gagnast vel öllum þeim sem fjalla um sérfræðileg efni. Núverandi útgáfa orðabankans er frá 2004. Gera þarf átak í að efla orðabankann, endurforrita hann og gera hann áhugaverðan þannig að áhugi verði á því að nota hann. Til þess að hægt sé að ráðast í það þarf fjármagn.

Aðalmarkmið Íslenskrar málstefnu er að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags. Til þess að þetta markmið megi nást þarf að stórauka stuðning við íslenskt íðorðastarf. Íðorðastarf vinnst að sjálfsögðu ekki af sjálfu sér. Slíkt starf kostar vinnu og fjármuni en með því væri unnið að því að efla og styrkja íslenska tungu og festa hana í sessi sem innlent tungumál vísinda og fræða. Sá vandi er yfirvofandi



að kennslu- og fræðamál háskólans færast yfir á ensku og að íslenska verði ónothæft mál sökum skorts á iðorðum.

## Íslenska í tölvuheiminum

### *Astand*

Í kafla um ástand mála í *Íslensku til alls* var því lýst hvernig upplýsinga- og tölvutæknin væri orðin mikilvægur þáttur í daglegu lífi alls almennings í landinu. Sú þróun hefur haldið áfram, m.a. með tilkomu snjallsíma og spjaldtölva sem nú eru nánast í hvers manns eigu. Það er allur gangur á því hvort notendaviðmót þessara tækja er á íslensku – tæki frá Apple, iPhone og iPad, eru ekki fáanleg með íslensku viðmóti. Í snjallsímum og spjaldtölvum með Android-stýrikerfi gefst kostur á íslensku viðmóti en ekki er vitað hversu mikið notendur nýta sér það.

Samfélagsmiðlar eins og Facebook, Twitter o.fl. voru nánast óþekktir þegar íslensk málstefna var mótuð en eru nú stór hluti af daglegum veruleika og samskiptum fólks á öllum aldri. Tungumálið á notendaviðmóti þessara miðla skiptir því miklu máli. Verulegt starf hefur verið unnið í íslenskri þýðingu á viðmóti Facebook. Það hefur farið fram með hópverkjun (*crowdsourcing*) þar sem notendur geta lagt til þýðingar sem síðan er kosið um. Íslenskt beygingarkerfi er þó stundum til vandræða í þessum þýðingum og spurning hvort mikil notkun þessara miðla getur haft áhrif á t.d. fallnotkun með ákveðnum sögnum.

Notkun tungumálsins við stjórn tölvustýrðra tækja fer smátt og smátt vaxandi og þar með ásókn enskunnar því að yfirleitt er ekki hægt að nota íslensku í þessu umhverfi. Þó er mikilvægt að nú er unnt að nota íslenska raddleit í snjallsímum með Android-stýrikerfi. Fyrir utan beina kosti þess er hugsanlegt að þetta opni augu notenda fyrir því að íslenska er vitaskuld nothæf í þessu umhverfi, ef henni eru sköpuð réttu skilyrðin.

### *Afangar*

Meginmarkmið íslenskrar málstefnu á sviði íslensku í tölvuheiminum er:

- Að íslensk tunga verði nothæf — og notuð — á öllum þeim sviðum innan tölvu- og upplýsingatækninnar sem varða daglegt líf alls almennings.

Enn er langt í land með að þetta markmið náist, en ýmislegt hefur þó áunnist á undanförunum fimm árum, eins og nánar er rakið hér á eftir. Í ársbyrjun 2010 skipaði mennta- og menningarmálaráðuneytið nefnd til að gera áætlun um framkvæmd íslenskrar málstefnu á sviði íslensku í tölvuheiminum. Þessi nefnd skilaði lokaskýrslu sumarið 2012 og lagði til ýmsar aðgerðir sem sumar hverjar voru samhljóða tillögum í íslenskri málstefnu. Aðgerðir stjórnvalda til að hrinda þeim tillögum í framkvæmd hafa þó verið mjög takmarkaðar.

Á vegum Máltækni­seturs hefur verið unnið að uppbyggingu íslenskra málfanga (gagnasafna og hugbúnaðar), einkum fyrir styrki úr innlendum og erlendum sjóðum. Þar má helst nefna öndvegisstyrk Rannsóknasjóðs 2009-2011 til verkefnisins *Hagkvæm máltækni utan ensku* (um 45 m.kr.) og styrk úr 7. rammaáætlun Evrópusambandsins (ICT-PSP) 2011-2013 til verkefnisins META-NORD (um 30 m.kr.). Bein framlög stjórnvalda til setursins eða verkefna á vegum þess hafa engin verið.

Einkaaðilar hafa einnig lagt mikið af mörkum til uppbyggingar íslenskrí máltækni á undanförunum árum. Þar má helst nefna að Blindrafélagið lét gera nýjan íslenskan tveggja radda talgervil sem var tekinn í notkun 2012 og kostaði um 80 m.kr. Máltækni­setur veitti ýmiss konar aðstoð við gerð talgervilsins. Google þróaði svo nýjan íslenskan talgreini fyrir snjallsíma sem einnig var tekinn í notkun 2012. Söfnun raddskýna fyrir talgreinin var unnin í sjálfboda­vinnu á vegum Háskólans í Reykjavík og Máltækni­seturs.

Þá má nefna að Jón Friðrik Daðason, Kristín Bjarnadóttir o.fl. hafa unnið að gerð samhengisháðrar ritvilluleitar. Út úr þeirri vinnu hefur komið hugbúnaðurinn *Skrambi* sem hlaut hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands 2012.

Ein mikilvægasta aðgerðin til að styrkja stöðu íslensku í tölvuheiminum felst í því að vekja almenning til vitundar um þá ógn sem tungumálinu kann að stafa af tækninni – en jafnframt þá möguleika til eflingar tungunnar sem felast í tækninni. Þetta var einn meginþátturinn í META-NORD-verkefninu og á vegum þess var gerð úttekt á stöðu íslensku (og 30 annarra Evrópumála) gagnvart máltækni. Niðurstöður þessarar úttektar voru birtar í tvímála skýrslu (á íslensku og ensku) og kynntar á ráðstefnum og málþingum, með fréttatilkynningum og viðtölum í fjölmiðlum og víðar. Þetta efni var einnig til umfjöllunar í sjónvarpsþættinum *Orðbragði* haustið 2013 og vakti þar nokkra athygli.

Þá má nefna að stærsta máltækni­ráðstefna heims, *LREC (Language Resources and Evaluation Conference)* var haldin í Reykjavík vorið 2014. Þess er að vænta að hún hafi aukið áhuga og skilning á máltækni hér innan lands, en einnig vakið athygli erlendra fræðimanna á íslensku og íslenskrí máltækni.

Hinn 12. maí sl. samþykkti Alþingi einróma „Aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni“. Tillagan, sem var flutt af allsherjar- og menntamálanefnd þingsins að frumkvæði Svandísar Svavarsdóttur, hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að skipa nefnd sérfræðinga í málvísindum og upplýsingatækni sem geri áætlun um aðgerðir er miði að því að gera íslensku gjaldgenga í stafrænni upplýsingatækni og stuðla að notkun hennar á þeim vettvangi. Áætlunin feli í sér tímasett yfirlit um aðgerðir og

áfanga, kostnaðarmat og fjármögnun. Nefndin leggi áætlun sína fram í síðasta lagi 1. september 2014.

Þrátt fyrir ákvæði þingsályktunarinnar var nefndin ekki skipuð fyrr en í byrjun september 2014. Gert er ráð fyrir að hún skili tillögum sínum fyrir árslok.

#### *Einstakar aðgerðir*

Hér fer á eftir yfirlit um einstakar aðgerðir sem lagðar voru til í íslenskri málstefnu, og framvindu þeirra undanfarin fimm ár.

- Að allur almennur notendahugbúnaður í íslensku skólakerfi, frá leikskólum til háskóla, verði á íslensku innan þriggja ára.

Samkvæmt könnun sem nefnd um framkvæmd íslenskrar málstefnu gagnvart íslensku í tölvuheiminum lét gera fyrir tveimur árum vantar töluvert á að þetta markmið hafi náðst. Það var þó mikilvægur áfangi þegar Reykjavíkurborg ákvað að nota íslenskt viðmót á tölvum í öllum grunnskólum borgarinnar. Í framhaldi af áðurnefndri könnun og skýrslu nefndarinnar ítrekaði mennta- og menningarmálaráðuneytið hvatningu til skóla um að nota íslenskt viðmót en ekki liggur fyrir hvaða árangur sú hvatning hefur borið.

- Að notendahugbúnaður í Stjórnarráði Íslands og öllum opinberum stofnunum verði á íslensku innan þriggja ára og hið opinbera gangi þar á undan með góðu fordæmi.

Ekki er vitað hvaða árangur hefur náðst á því sviði en nýskipuð málnefnd Stjórnarráðsins mun væntanlega fylgja þessu eftir.

- Að gerð verði áætlun um stuðning við uppbyggingu og þróun íslenskrar máltækni næsta áratug.

Þessi áætlun hefur ekki verið gerð en eins og lýst er hér að framan hefur nú verið samþykkt þingsályktun um að hún verði gerð, og mun hún væntanlega liggja fyrir í árslok.

- Að stöðugt verði unnið að uppbyggingu og eflingu mállegra gagnasafna sem eru forsenda fyrir þróun og smíði margs kyns máltæknibúnaðar.

Síðan íslensk málstefna var samþykkt hefur ýmislegt gerst á þessu sviði. Lokið var við Markaða íslenska málheild; ÍSLEX-orðabókinni var lokið; stöðugt er unnið að

endurbótum og aukningu Beygingarlýsingar íslensks nútímamáls; Sögulegur íslenskur trjábanki hefur verið gerður; gullstaðall fyrir þróun markara hefur verið gerður; miklum fjölda raddskýna var safnað fyrir gerð íslensks talgreinis; og fleira mætti nefna.

- Að málleg gagnasöfn og hugbúnaður til að vinna með íslenskt mál verði gerð opin og frjálst eftir því sem kostur er (sbr. stefnu stjórnvalda um frjálsan og opinn hugbúnað; sjá vef forsætisráðuneytisins: [www.forsaetisraduneyti.is](http://www.forsaetisraduneyti.is)).

Hér hefur mikið áunnist, ekki síst fyrir tilstuðlan Evrópuverkefnisins META-NORD sem nefnt var hér að framan. Komið hefur verið upp vefsetrinu [www.malfong.is](http://www.malfong.is) þar sem hægt er að sækja flestöll íslensk málföng, bæði gagnasöfn og hugbúnað; þ. á m. hugbúnaðarpakkann IceNLP og öll þau gagnasöfn sem nefnd eru hér á undan. Raddskýni sem safnað hefur verið fyrir íslenska talgreina eru einnig aðgengileg.

- Að hugbúnaður til að lagfæra og leiðrétta íslenskt málfar verði gerður og kominn í notkun innan þriggja ára.

Slíkur hugbúnaður hefur ekki verið þróaður. Hins vegar er leiðréttingarforritið *Skrambi* skref í þessa átt og hægt væri að byggja á því við frekari þróun málfarsleiðréttingaforrits (málrýnis).

- Að nothæf þýðingarforrit milli íslensku og valinna erlendra mála, a.m.k. ensku, verði gerð innan fimm ára.

Hér hefur lítið miðað. Tilraunir hafa verið gerðar með að þróa þýðingu úr íslensku á ensku innan þýðingakerfisins *Apertium* en mikla vinnu þarf til að þær þýðingar nýtist. Bestu vélrænu þýðingarnar fást með *Google Translate* – þær hafa lagast talsvert á undanförunum árum en eru þó enn mjög gallaðar. Nauðsynlegt er að koma upp stórum hliðstæðum málheildum til að unnt sé að bæta vélþýðingar byggðar á tölfræðilíkönunum.

- Að íslenskur talgervill og talgreinir sem gerðir voru á vegum tungutækniátaks menntamálaráðuneytisins verði endurbættir og lagaðir að nýjustu tækni.

Hvorki talgervillinn né talgreinirinn hafa verið þróaðir áfram þótt ýmis vinna sem unnin var í tengslum við gerð þeirra hafi nýst í gerð nýs búnaðar. Nýr talgervill var hins vegar gerður á vegum Blindrafélagsins og tekinn í notkun 2012, eins og áður segir. Raddgæði hans og framburður eru umtalsvert betri en fyrri talgervla, auk þess sem hann nýtist í mun fjölbreyttari búnaði, s.s. snjallsímum. Nýr íslenskur talgreinir var gerður á vegum

Google í samvinnu við Háskólann í Reykjavík og Máltæknisetur og tekinn í notkun 2012. Hann nýtist einkum á sínum með Android-stýrikerfi en auk þess í vöfrum. Hins vegar geta aðrir aðilar en Google ekki fengið hann til að nota í vörum sínum og þjónustu.

- Að unnið verði markvisst að þróun mállegra samskiptakerfa milli manns og tölvu fyrir íslensku.

Hannes Högni Vilhjálmsson dósent í Háskólanum í Reykjavík hefur unnið talsvert starf á þessu sviði.

### **Íslenska í atvinnulífinu**

Eins og fram kemur í *Íslensku til alls* hefur íslenskt atvinnulíf orðið mun alþjóðlegra en áður var. Þrátt fyrir dálitla lægð fyrst eftir efnahagshrunið virðist allt á uppleið. Mikill vöxtur er í öllu sem snýr að erlendum ferðamönnum, svo mjög að Íslendingar eru að verða sem gestir í eigin landi. Á sumum kaffihúsum og veitingastöðum eru matseðlar einungis á ensku og íslenskir gestir ávarpaðir á ensku þótt afgreiðslufólk sé íslenskt. Lokkandi tilboð í verslunargluggum eru oftast en ekki einungis á ensku. Farþegum í flugi er boðið kaffi á ensku og svona mætti lengi telja. Vissulega eru ferðamenn margir en ástæðulaust er að missa heilt svið þeirra vegna. Málnefndin lagði til eftirfarandi markmið:

- Að íslenska verði áfram aðalsamskiptamálið í atvinnulífi á Íslandi.

Til þess að vinna að framgangi þessa markmiðs lagði Málnefndin til

- Að reglulega fari fram jákvæð umræða í samfélaginu og fyrirtækjunum um ávinninginn af því að íslenska sé aðalsamskiptamálið í atvinnulífi á Íslandi og þau lífsgæði fyrir Íslendinga sem í því felast.

Hér gilda ekki boð og bönn heldur hvatning frá yfirvöldum og helst samfélaginu. Lítið hefur farið fyrir henni fram til þessa en eigi íslensk málstefna að vera eitthvað annað en stafir á blaði er nauðsynlegt að finna jákvæða leið.

- Að íslensk fyrirtæki verði hvött og eftir föngum studd til að móta sér skýra málstefnu sem hafi það að markmiði að tryggja stöðu íslenskrar tungu í atvinnulífinu.

Ein leið að þessu marki væri að efna til umræðna og helst taka upp samvinnu við t.d. Félag íslenskra atvinnurekenda og önnur sambærileg félög á sviðinu um mótun málstefnu.

- Að íslensk fyrirtæki verði hvött og eftir föngum studd til þess að bjóða erlendum starfsmönnum sínum starfsmiðaða íslenskukennslu í vinnutíma. Þó má benda á gott starf að þessu leyti hjá Hrafnistu og Skjólí.
- Að skipulega verði unnið að íðorðasmíð og orðasöfn gerð aðgengileg á bók eða með rafrænum hætti.

Víða er í íslenskri málstefnu bent á íðorðasmíð og þarf litlu við að bæta hér um nauðsyn íslensks orðaforða á þessu sviði.

- Að íslensk fyrirtæki verði hvött til að styrkja ímynd sína með vandaðri íslenskunotkun.

Um þetta atriði væri líklega vænlegast að taka upp samvinnu við áður nefnd samtök.

## **Íslenska í fjölmiðum**

*Markmið í íslensku til alls og mat á árangri*

Í kaflanum um fjölmiðla í *Íslensku til alls* er stöðunni á fjölmiðlamarkaði lýst; fjölmiðlun á íslensku var í sókn, dagblöð, útvarpsrásir, sjónvarpsrásir og netmiðlar. Á þeim fimm árum sem liðin eru hefur dagblaðaútgáfa dregist saman en umfang útvarps og sjónvarps er svipað. Hins vegar hefur alls kyns netmiðlum enn vaxið fiskur um hrygg.

Á dagblöðum er staða prófarkalestrar svipuð og var. Prófarkalesurum hefur að vísu fækkað en umfang útgáfu hefur einnig minnkað þannig að líkast til er álag á prófarkalesara svipað. Sem fyrr er RÚV eini miðillinn sem hefur málfarsráðunaut í þjónustu sinni. Efni vefmiðla er yfirleitt ekki prófarkalesið nú frekar en fyrir fimm árum.

Fyrir fimm árum hafði talsverð gróska verið í framleiðslu og sýningum á íslenskum sjónvarpsþáttaröðum. Efnahagshrunið haustið 2008 stöðvaði þessa þróun þótt vissulega hafi ein og ein þáttaröð verið sýnd á umliðnum fimm árum.

Í Íslensku til alls er fjallað um fjölmiðla sem umræðuvettvang fyrir íslenskt mál. Málfarspistlar birtast enn í Morgunblaðinu og Akureyri Vikublaði en ekki í öðrum prentmiðlum. Hjá RÚV hefur umfjöllun um íslenskt mál aukist, bæði á Rás 1 og í sjónvarpi. Á Rás 1 er vikulega fluttur þátturinn Orð af orði og í Morgunútgáfunni á samtengdum Rásum 1 og 2 er stutt vikuleg umfjöllun um málfar. Í fyrravetur var sýnd

sex þátta röð um íslenskt mál, Orðbragð, við fádæma vinsældir. Sýningar á næstu þáttaröð eru nýhafnar.

Þjónusta við heyrnarlausa og heyrnarskerta hefur verið aukin hjá RÚV. Þar hefur textun á fyrirfram unnu innlendu sjónvarpsefni aukist eins og sjá má í Ársskýrslu Ríkisútvarpsins ohf. 2012–2013 (bls. 63). Í febrúar 2013 hófst samtímategun kvöldfrétta í sjónvarpi og er textinn sendur út í textavarpi. Þess má geta að nú er að hefjast stefnumótun um aðgengi fatlaðra að miðlum RÚV þar sem hugað verður að þörfum heyrnarlausra og heyrnarskertra, blindra og sjónskertra og fólks með þroskahömlun, m.a. með hliðsjón af lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknafrá nr. 61/2011 og lögum um Ríkisútvarpið nr. 23/2013. Stjórnvöld hafa ekki lagt kvaðir á aðra fjölmiðla um þjónustu við heyrnarlausa og heyrnarskerta en nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 þar sem svohljóðandi málslið er bætt við 30. grein laganna: „Myndefni sem fjölmiðlaveitur miðla skal ávallt fylgja texti á íslensku sem endurspeglar texta hljóðrásar myndefnisins eins nákvæmlega og kostur er.“

(<http://www.althingi.is/alttext/144/s/0108.html>). Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að þessi breyting feli í sér að skylt verði að senda út texta með myndefni, án tillits til þess hvort það er á íslensku eða öðru máli.

Vorið 2011 tóku gildi ný fjölmiðlalög á Íslandi. Sett var á fót Fjölmiðlanefnd sem hefur eftirlit með því að farið sé að þessum lögum. Á heimasíðu Fjölmiðlanefndar er að finna eftirfarandi klausu undir fyrirsögninni Tal og texti á íslensku:

Í fjölmiðlalögum er að finna ákvæði þess eðlis að allir fjölmiðlar skuli eftir fremsta megni stuðla að menningarþróun og eflingu íslenskrar tungu. Enn fremur er tekið fram að engu síður sé heimilt að starfrækja fjölmiðla hér á landi á öðrum tungumálum en íslensku.

Ákvæðið á sér fyrirmynd í útvarpslögum en í fjölmiðlalögum er því ætlað að gilda jafnt um alla þá fjölmiðla hér á landi sem miðla efni sínu til íslenskra notenda. Þeim ber því öllum að stuðla að framgangi nefndra gilda og gæta að því að það efni sem miðlað er á íslensku sé á vönduðu máli.

Sérstök ástæða er til að vekja á því athygli að íslensk málstefna var samþykkt á Alþingi vorið 2009 og menntamálaráðherra falið að fylgja henni eftir (198. mál 136. löggjafarþings). Í íslensku málstefnunni er sérstaklega fjallað um málstefnu í fjölmiðlum. Þar er lagt til að fjölmiðlar (og auglýsingastofur) setji sér málstefnu, standi vörð um íslenskt mál, vandi til verka við þýðingar og yfirllestur skjátexta, hvetji til íslenskrar dagskrárgerðar, vandi talsetningu á efni fyrir börn o.fl. Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði nefnd til að útfæra tillögur um þetta. Niðurstaða nefndarinnar var sú að rétt væri að beina því til fjölmiðla sem miðla hljóði og texta á íslensku að setja sér málstefnu. Fjölmiðlum er nú samkvæmt

lögum ætlað að marka sér málstefnu. <http://fjolmidlanefnd.is/eftirlit/tal-og-texti-a-islensku/>

Í ákvæðinu er þó sérstaklega tekið fram að heimilt sé að starfrækja fjölmiðla hér á landi á öðrum tungumálum en íslensku. Undanfarin ár hefur fjölgað mjög erlendum ríkisborgurum sem sest hafa að hér á landi í lengri eða skemmri tíma. Ekki er litið svo á að heimild til miðlunar efnis á öðrum tungumálum en íslensku sé talin andstæð málverndunarsjónarmiðum enda lúti þau fyrst og fremst að því að efni sem miðlað er á íslensku sé á vönduðu máli. Fjölmiðlanefnd ítrekar þarna að fjölmiðlum sé ætlað að marka sér málstefnu. Væntanlega lítur nefndin þó ekki á það sem hlutverk sitt að fylgja ákvæðinu eftir.

Í Íslensku til alls lagði Íslensk málnefnd til eftirfarandi markmið til að efla stöðu íslenskunnar:

- Fjölmiðlar og auglýsingastofur setji sér málstefnu

Sem fyrr er RÚV eini fjölmiðillinn sem hefur ítarlega ritaða málstefnu. Á heimasíðu Fjölmiðlanefndar má lesa ritstjórnarstefnu sumra fjölmiðla. Í ritstjórnarstefnu Fréttablaðsins er eftirfarandi liður:

- að blaðið sé skrifað á mannamáli, ekki máli stofnana eða sérfræðinga.

Ekki er að finna ákvæði um málfar í ritstjórnarstefnum annarra fjölmiðla samkvæmt heimasíðu Fjölmiðlanefndar.

Auglýsingastofur hafa ekki markað sér málstefnu svo vitað sé.

- Íslenskir fjölmiðlar haldi áfram að stuðla að umræðu og fræðslu um íslenskt mál og efla þennan þátt í starfsemi sinni. Íslensk tunga er sameign þjóðarinnar og því ekki óeðlilegt að umræða um þessa sameign fari fram í útbreiddum fjölmiðlum.

RÚV hefur eflt þáttagerð um íslenskt mál, aðrir fjölmiðlar ekki.

- Fjölmiðlamenn sýni meiri ábyrgð gagnvart íslensku máli en nú er og fagfélög þeirra ýti undir þann metnað með því að sýna frumkvæði að gerð málstefnu fyrir fjölmiðla.

Fagfélög fjölmiðlafólks hafa ekki tekið frumkvæði að gerð málstefnu fyrir fjölmiðla.



- Vandað sé til verka við þýðingar og yfirllestur skjátexta.

Staðan er viðunandi og svipuð og fyrir fimm árum.

- Hvatt verði til metnaðarfullrar og fjölbreytilegrar íslenskrar dagskrárgerðar, einnig fyrir börn.

Eins og fyrr segir hafði gróska verið í gerð leikinna íslenskra sjónvarpsþáttaða þegar Íslenska til alls var skrifuð. Slíkum sjónvarpsþáttaröðum hefur fækkað verulega. Stærstu sjónvarpsrásir sýna allnokkuð íslenskt efni, einkum RÚV sem hefur sérstaklega eflt gerð íslensks sjónvarpsefnis fyrir börn og ungmenni. Auk Stundarinnar okkar, sem er sá þáttur sem er elstur allra þátta í sjónvarpi og hefur verið á dagskrá frá árinu 1967 hafa í vetur og fyrravetur verið á dagskrá að minnsta kosti tvær nýjar þáttaraðir ætlaðar börnum og tvær sem sérstaklega er ætlað að höfða til ungs fólks á aldrinum 15-25 ára. RÚV hefur ráðið dagskrárstjóra barnaefnis og stefnir á að efla til muna dagskrárgerð fyrir börn ásamt því að auka aðgengi að talsettu og textuðu barnaefni. Þess mun brátt sjá stað á vef og í útvarpi og sjónvarpi.

- Talsetning á sjónvarpsefni fyrir börn sé á vönduðu og góðu máli og framburður sé skýr og eðlilegur.

Staðan er viðunandi og svipuð og fyrir fimm árum.

- Íslenska sé meðal kennslugreina í fjölmiðlafræðinámi á háskólastigi og blaðamönnum standi til boða endurmenntunarnámsekið í íslensku.

Íslenska er ekki meðal kennslugreina í fjölmiðlafræði nú frekar en árið 2009. Blaðamönnum standa ekki til boða sérsniðin endurmenntunarnámskeið í íslensku.

Til að ofangreind markmið náist leggur Íslensk málnefnd til:

- Menntamálaráðuneyti, Blaðamannafélag Íslands, Íslensk málnefnd og málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum myndi samstarfshóp er komi af stað málstefnuvinnu á fjölmiðlum. Stefnt er að því að allir fjölmiðlar verði komnir með málstefnu fyrir árslok 2009.

Þetta gekk ekki eftir.

- Málnefndir verði settar á fót innan fagfélaga fjölmiðlamanna sem beiti sér meðal annars fyrir gerð málstefnu.

Þetta hefur ekki gengið eftir.

- Haldin verði reglulega námskeið í meðferð tungumálsins fyrir nemendur í fjölmiðlafræði, starfandi fjölmiðlafólk og aðra sem hafa textagerð með höndum í starfi sínu. Fagfélög og háskólar gætu átt í samvinnu um að koma slíkum námskeiðum á laggirnar.

Þetta hefur ekki gengið eftir.

- Sjónvarpsstöðvar verði hvattar til að halda áfram að sýna fjölbreytt innlent dagskrárefni.

Sjónvarpsstöðvarnar RÚV, Stöð 2 og Skjár einn sýna allar nokkuð af íslensku efni. Erfitt er að leggja mat á hvort efnið geti talist fjölbreytilegt. Þó má fullyrða að einkareknu miðlarnir einskorði sig nærri alveg við afþreyingarefni meðan á RÚV eru sýndir íslenskir sjónvarpsþættir um menningu, mál og vísindi, svo eitthvað sé nefnt, auk afþreyingarefnis. Eins og sést hafa tillögur Íslenskrar málnefndar ekki gengið eftir. RÚV hefur aukið þáttagerð um íslenskt mál og dagskrárgerð á íslensku fyrir börn og ungmenni en að öðru leyti er staða íslenskunnar á fjölmiðlum svipuð og fyrir fimm árum.

Með nýjum fjölmiðlalögum sem tóku gildi árið 2011 er ákvæði þess efnis að allir fjölmiðlar skuli eftir fremsta megni stuðla að menningarþróun og eflingu íslenskrar tungu. Slíkt ákvæði var áður að finna í útvarpslögum og er breytingin því sú að nú gildir ákvæðið um alla fjölmiðlastarfsemi en ekki aðeins um ljósvakafjölmiða. Að því leyti má segja að lagalegur rammi um íslensku í fjölmiðlum hafi styrkst.

### **Íslenska í listum**

Í upphafi þessa kafla ályktunarinnar segir: „Listir og listiðkun eru órofa hluti af menningu hverrar þjóðar og þýðingarmikill vaxtarbroddur menningarlífs. Óhætt mun að fullyrða að íslensk menning sé í óvenjuríkum mæli tengd tungumálinu eða eigi sér rætur í því. [...] Íslensk tunga hlýtur því að vera veigamikill þáttur í mörgum listgreinum, iðkun þeirra og umfjöllun um þær þótt í mismiklum mæli sé eftir listgreinum.“

Leitað var álots ýmissa aðila um stöðu íslenskrar tungu í listum í dag, með þau markmið og aðgerðir sem sett voru fram í Íslensku til alls til hliðsjónar. Svör bárust frá Rithöfundasambandi Íslands, Félagi íslenskra bókaútgefenda, Bandalagi íslenskra

listamanna, Kvikmyndamiðstöð Íslands, Félagi leikskálda og handritshöfunda, Miðstöð íslenskra bókmennta, borgarbókaverði, Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu. Svar barst frá Sjónvarpinu um Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, en ekki um leikið efni í sjónvarpi.

Hér skal einnig vakinn áhugi á bókinni Hagræn áhrif ritlistar eftir dr. Ágúst Einarsson prófessor. Það er fyrsta bókin sem kemur út á íslensku um hagfræði ritlistar. Mikil efnahagsleg umsvif eru tengd ritlist og er þeim lýst í bókinni og fjallað um virði, eftirspurn og framboð innan ritlistar, útgáfu og bókasöfn. Jafnframt er rætt um höfundarétt, hlutverk stjórnvalda og opinber framlög til þátta sem tengjast ritlist. Framlag ritlistar til landsframleiðslu er metið en það er umtalsvert. Í bókinni eru lagðar fram tíu rökstuddar, stefnumótandi tillögur til að efla ritlist hérlendis.

Í þeim tilgangi að freista þess að gera grein fyrir stöðu íslenskrar tungu í listum í dag eru hér tilfærð brot úr svörum frá Bandalagi íslenskra listamanna (BÍL) og Rithöfundasambandi Íslands (RSÍ).

Í svari frá BÍL segir meðal annars: „Sjónarmið Bandalags íslenskra listamanna varðandi stöðu tungumálsins í listum lýsir sér sennilega best í því að nýverið ákvað stjórn BÍL yfirskrift yfir málþing næsta aðalfundar BÍL, sem haldinn verður 7. febrúar 2015; ákveðið var að listamenn kæmu þá saman undir yfirskriftinni: Sjálfstæðisbarátta 21. aldarinnar - Þurfum við sérstakt Menningarmálaráðuneyti? Listamenn líta svo á að þjóðin tapi sjálfstæðinu ef hún tapar tungumálinu, því sé baráttan fyrir tungunni sjálfstæðisbarátta og ef fram heldur sem horfir þá geti þjóðin tapað íslenskunni áður en 21. öldin er liðin.

Við verðum ekki vör við annað en skilningsleysi og sofandahátt hjá stjórnvöldum gagnvart listum og menningu almennt og höfum gert það sem í okkar valdi stendur til að vekja þau til vitundar um hvert stefnir, en ekki haft erindi sem erfiði, svo sem best sést á framgangi þingflokka stjórnarflokkanna á Alþingi í yfirstandandi fjárlagaumræðu.“

RSÍ tekur í sama streng, og segir meðal annars: „Það er ósköp sorglegt að bera saman markmiðin frá 2008 og þann árangur sem náðst hefur. Svo virðist sem árangur sé enginn og að víða hafi enn miðað niður á við og stefnt til hins verra.“

Markmið sem sett voru fram í þessum kafla í Íslensku til alls fara hér á eftir, ásamt lýsingu á stöðunni nú.

- Sú vitund þarf að verða almenn að íslenskar bókmenntir og allt starf, sem tengist þeim, sé meðal lykilatriði á varðveislu og þróun íslenskrar tungu. Mikilvægt er að tungan haldi áfram að nýtast, dafna og þróast á þessu sviði þar sem ótal vaxtarbrodda er að finna og skapandi hugsun skiptir meginmáli.

Hér er örðugt að mæla árangur, en svarið kemur fram í öðrum liðum að neðan.

- Bókasöfn og skólar eru meðal helstu uppeldisstöðva nýrra lesenda og mikilvægur liður í útbreiðslu bókmenntanna. Á það ekki síst við um barnabækur. Það er í þágu íslenskrar tungu að almenningubókasöfn og skólasöfn eflist að bókakosti og umsvifum öllum.

Borgarbókavörður segir erfitt að segja til um hvort bókasöfnin hafi eflst með þessum hætti, en segir: „Hér varð jú efnahagshrun árið 2008 og við það dró úr fjárframlögum til bókasafna, jafnt almennings- sem skólasafna. [...] Flest [bókasöfn] hafa þó reynt að halda í horfinu hvað bókakost og aðra starfsemi varðar. Borgarbókasafn fékk aukna fjárveitingu til safnkosts árið 2013 og það töluverða [...] almennt held ég að almenningssöfn hafi að mestu haldið í horfinu en ekki eflst að umsvifum.“

Eins og fram kemur í Íslensku til alls fá rithöfundar greiðslu fyrir útlán á bókum þeirra á bókasöfnum en þær greiðslur eru talsvert lægri en í nágrannalöndum okkar. Útlit er þó fyrir að staðan verði aðeins betri í ár en í fyrra. Þá var krónutala fyrir hvert útláns um 18 kr. en verður væntanlega um 35 kr. í ár.

Félag íslenskra bókaútgefenda (FÍB) segir: „Endurskoða og efla þarf greiðslur til höfunda og útgefenda vegna útlána bókasafna. Líta þarf til þeirra aðferða sem stuðst er við í nágrannalöndum okkar og tryggja að útgefendur og höfundar njóti sanngjarnrar greiðslu fyrir afnot verka sinna. Ekki síst vegna þess hversu örsmár hinn íslenski bóksölumarkaður er og hversu bókasafnsútlán eru mikil, ekki síst á nýjum bókum.“

FÍB gerir einnig Þróunarsjóð námsbóka að umtalsefni: „Íslenskir bókaútgefendur telja að ýmislegt megi athuga varðandi úthlutun sjóðsins. Ekki hvað síst þá staðreynd að úthlutanir virðast flestar renna til höfunda sem margir hverjir hafa svo gefið efni sitt út sjálfir án þess að leggja mikið upp úr því að koma efni sínu í viðunandi dreifingu. Til eru dæmi um að styrkt námsefni sem komið hefur út sé einungis til í einu bókasafni á öllu landinu fyrir utan Landsbókasafn. Kynning og dreifing um land allt eru lykilatriði svo efni nýtist nemendum landið um kring.“

- Það er afar mikilvægt að styrkja stöðu íslenskrar tungu í kvikmyndum og hvers kyns leiknu sjónvarpsefni.

Álit Kvikmyndamiðstöðvar Íslands er að staðan í íslenskri kvikmyndagerð á síðustu árum hvað íslenska málstefnu varðar sé nokkuð sterk. Kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerð hérlendis er hluti af alþjóðlegu landslagi og algengt er að erlendir meðframleiðendur séu að íslenskum kvikmyndum og sjónvarpsefni með íslensku tali. Árin 2013 og 2014 voru frumsýndar níu kvikmyndir í fullri lengd sem voru styrktar af Kvikmyndasjóði (6 af 9 með íslensku tali árið 2013 og 7 af 9 með íslensku tali árið 2014). Leikið íslenskt sjónvarpsefni er allt með íslensku tali síðustu ár.

Áður en íslensk kvikmynd eða sjónvarpsþáttur sem er styrktur af Kvikmyndasjóði verður að veruleika fer hver styrkumsókn til umsagnar ráðgjafa Kvikmyndamiðstöðvar. Ráðgjafarnir veita alls kyns ráðleggingar og koma með tillögur að breytingum og bætingum; m.a. ganga þeir úr skugga um að málfar sé eðlilegt og trúverðugt í handritum.

- Stórefla þarf kynningu íslenskra bókmennta erlendis og hvetja til þýðinga á erlendar tungur til að breikka lesendahóp og auka áhuga á frumtexta víða um heim. Þýðendum íslenskra bókmennta þarf að veita aukna athygli, hlúa að þeim á alla lund og fjölga þeim með námsframboði og styrkjum. Jafnframt þarf að ýta undir þýðingar erlendra skáldverka á íslensku, jafnt sígildra verka sem nýjustu metsölubóka. Á íslensku á allt að vera til og allt hægt. Með tilkomu hins nýja Bókmenntasjóðs er yfirumsjón þessara mála öll á einni hendi. Þannig hafa myndast sóknarfæri sem ber að nýta.

Frá því að málstefnan var skrifuð hefur Bókmenntasjóður verið lagður niður í fyrri mynd (við lok árs 2012) og verkefninu Sögueyjana Ísland er lokið (2012). Í stað Bókmenntasjóðs og sem eftirfylgni við Sögueyjuna Ísland var Miðstöð íslenskra bókmennta (MÍB) stofnuð samkvæmt lögum 1. janúar 2013. Frá MÍB bárust þessar upplýsingar:

Mikið verk hefur verið unnið síðustu árin í kynningu og stuðningi við þýðingar á íslenskum verkum á erlend mál. Þetta má helst sjá á mikilli aukningu í umsóknum og styrkjum til þýðinga til Bókmenntasjóðs og MÍB. Árið 2008 voru veittir styrkir til þýðinga á 41 íslenskri bók á erlend mál, árið 2010 voru 63 styrkir veittir og árið 2014 voru veittir 80 þýðingarstyrkir á 28 tungmál. Bókmenntasjóður og Miðstöð íslenskra bókmennta frá árinu 2013, hefur í samstarfi við Rithöfundasamband Íslands árlega boðið erlendum þýðendum úr íslensku að sækja um styrk til að dvelja í íbúð Rithöfundasambandsins í Gunnarshúsi í 2-4 vikur í senn.

Fjöldi umsókna um styrki til þýðinga á erlendum verkum á íslensku hafa af ýmsum ástæðum sveiflast nokkuð á milli ára frá 2008, þegar þær voru 52. Flestar voru þær árið 2009 þegar þær töldu 69. Árið 2014 voru þær 56 talsins.

Bókmenntasjóður var stofnaður árið 2007 og tók formlega til starfa árið 2008, á seinni hluta þess árs varð efnahagshrun og fyrri áætlanir um árlega aukningu til sjóðsins virtust blásin af, þetta má sjá í fjárlögum frá árunum 2008-2012.

Árið 2013 hóf Miðstöð íslenskra bókmennta starfsemi með næstum tvöfalt það fé (92 m.kr) úr ríkissjóði sem Bókmenntasjóður hafði úr að spila í byrjun (50 m.kr.), árið 2008. Árið 2014 var svo skorið ríflega niður til MÍB, þegar framlagið var lækkað niður í 65,6 m.kr., um 30% frá árinu áður. Árið 2015 lítur betur út með 86,6 milljónir kr. til ráðstöfunar af fjárlögum.

Samstillt átak opinberra aðila og íslenskra bókaútgefenda á síðustu árum við kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis hefur skilað sér í mikilli aukningu á þýðingum íslenskra verka. Þar er skemmst að minnast kynningarverkefnisins Sögueyjan Ísland, þegar Ísland var heiðursgestur á stærstu bókasýningu heims í Frankfurt í Þýskalandi árið 2011. Verkefnið skilaði útgáfum á 230 íslenskum verkum og bókum um Ísland á þýsku auk gríðalegrar fjölmiðlaumfjöllunar í Þýskalandi og víðar. Áhrifanna getir um allan heim og aldrei hafa íslenskar bækur verið fánlegar á fleiri tungumálum.

Nú hefur MÍB hrundið af stað sókn íslenskra bókmennta á Norðurlöndum í því skyni að auka hlut íslenskra bókmennta og fjölga þýðingum íslenskra verka á tungumál Norðurlanda. Til að ná þessu markmiði stendur MÍB fyrir fundum með útgefendum í öllum höfuðborgum Norðurlandanna í samvinnu við íslensku sendiráðin. Jafnframt verður sérstök áhersla á íslenskar bókmenntir og höfunda undir yfirskriftinni Röster frá Ísland, á Bókamessunni í Gautaborg í Svíþjóð haustið 2015, en bókamessan er sú stærsta sinnar tegundar á Norðurlöndunum.

- Innlenda leikritun þarf að efla mjög til dáða. Of fá verk verða til sem sprottin eru úr íslensku umhverfi.

Bæði Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið hafa það á stefnuskrá sinni að efla íslenska leikritun með ýmiskonar samstarfi við íslenska höfunda og uppsetningum íslenskra verka. Bæði leikhúsin ráða til sín leikskáld í lengri eða skemmri tíma, í þeim tilgangi að höfundarnir geti unnið að verkum sínum í samstarfi við leikhúsin. Einnig veita þau leikskáldum ráðgjöf og standa fyrir leiklestrum innan leikhúsanna. Fastir starfsmenn leikhúsanna, leiklistarráðunautar/dramatúrgar, sinna stuðningi við íslenska leikritun, og eru jafnframt málfarsráðunautar húsanna.

Leiklistarráð veitir styrki og listamannalaun til starfsemi atvinnuleikhópa, og hafa íslensk verk verið á undanförunum árum í miklum meirihluta styrkhafa.

Félag leikskálda og handritshöfunda (FLH) vinnur að baráttumálum höfunda leikins efnis. FLH heldur að jafnaði höfundasmiðjur einu sinni á ári, þar sem leikskáld fá tækifæri til að vinna hugmyndir í nánu og frjóu samstarfi við leikstjóra og leikara. Sömuleiðis hefur verið staðið fyrir leiklestrum á nýjum, óuppsettum verkum undir nafninu Gróska. Félagið reynir að þrýsta á leikhúsin og RÚV að auka hlut nýrra íslenskra leikverka í dagskránni. Um þessar mundir er verið að endurvekja þá hefð að útskriftarverk Nemendaleikhúss verði nýtt verk sérstaklega skrifað fyrir viðkomandi hóp og mun FLH halda utan um það verkefni ásamt sviðslistadeild Listaháskólans. Einnig hefur FLH talað fyrir því að höfundar eigi betra aðgengi að starfslaunum.

Í ritlistarnámi við HÍ er boðið upp á kennslu í leikritun. Og í Útvarpsleikhúsinu á Rás 1 í Ríkisútvarpinu hafa um árabil verið frumflutt ný íslensk leikrit á hverjum vetri.

Þjóðleikhúsið sýndi á síðasta leikári einungis íslensk verk, leikrit gömul og ný og leikgerðir. Á undanförunum áratug hefur leikhúsið sett sér það markmið að yfir helmingur nýrra sýninga sé á íslenskum verkum, og hefur það gengið eftir. Ný íslensk leikverk á hverju leikári, frá leikárinu 2007-2008 til leikársins 2014-2015, hafa verið 2-7 á hverju leikári, eða alls 36 frumsýningar á íslenskum verkum, auk fjölda nýrra íslenskra samstarfsverkefna, en þau hafa orðið allt að 13 á einu leikári.

Borgarleikhúsið hefur sýnt 52 íslensk verk frá árinu 2007, en þá eru talin saman bæði leikverk hússins og samstarfsverkefni. Bæði leikhúsin hafa talsvert samstarf við sjálfstæða leikhópa, og eru sýningar leikhópanna nær eingöngu á nýju, íslensku efnis.

Leikritunarsjóðurinn Prologos starfaði við Þjóðleikhúsið frá júní 2008 til ársins 2011, með fjárframlagi frá einkaaðilum. Alls hlutu 16 leikskáld og 13 leiksmiðjuverkefni styrk úr sjóðnum, auk þess sem útgáfa á leikritum og þýðingar á leikritum hlutu styrk.

Leikritunarsjóður Leikfélags Reykjavíkur hefur haft fimm leikskáld á launum á tímabilinu, hvert þeirra í tólf mánuði, auk þess sem leikhúsið veitir starfslaun í styttri tíma, eins og að ofan greinir.

Tillögur að aðgerðum sem settar voru fram í þessum kafla í Íslensku til alls fara hér á eftir, ásamt lýsingu á stöðunni nú.

- Launasjóður rithöfunda gegni áfram lykilllutverki sínu.

Í svari RSÍ segir að Launasjóður rithöfunda haldi „ennþá sjó“. Við úthlutun 2008 deildust 444 mánaðarlaun á 74 umsóknir. Umsækjendur voru 144 og sóttu um 3.019 mánaðarlaun alls. Við úthlutun árið 2015 deildust 555 mánaðarlaun á 69 einstaklinga. Umsækjendur voru 194 og sóttu þeir um 2.681 mánaðarlaun alls.

- Bókmenntasjóði verði gert kleift að ná þeim árangri sem að var stefnt með sameiningu sjóðanna þriggja sem í hann runnu.

Hér skal vísað til svars frá MÍB hér að ofan, en RSÍ svaraði á nokkuð aðra leið:

Bókmenntasjóður, sem nú er Miðstöð íslenskra bókmennta, hefur ekki náð þeim árangri sem stefnt var að í upphafi. Miðstöðin hefur verið fjársvelt og alls ekki náð að vinna úr þeim tækifærum sem gáfust í kjölfar bókamessunnar í Frankfurt 2011. Að auki hefur þeim verkefnum sem áður hvíldu á Þýðingasjóði og Menningarsjóði ekki verið sinnt nægjanlega sökum fjárskorts.“

- Áhersla verði áfram lögð á hvers kyns stuðning við innlenda leikritun og framleiðslu innlendra kvikmynda og leikins sjónvarpsefnis.

Sjá svar frá KMÍ í lið 3. í markmiðum hér að ofan.

Svar RSÍ: „Stuðningur við innlenda leikritun er ekki sýnilegur og ekki þarf að fara mörgum orðum um framleiðslu innlendra kvikmynda og leikins sjónvarpsefnis eftir niðurskurð til Kvikmyndasjóðs.“

- Hvetja þarf fyrirtæki og einstaklinga til að styrkja listsköpun á íslensku.

Svar RSÍ: „Í kjölfar hrunsins dró gríðarlega úr stuðningi fyrirtækja og einstaklinga við listsköpun á íslensku, enda er hvati frá ríkisvaldinu ekki fyrir hendi.“

- Sértekar aðgerðir þarf til að efla útgáfu frumsaminnna barnabóka.

Svar RSÍ: „Sértekar aðgerðir til að efla útgáfu barnabóka hafa engar verið, enda stendur sú útgáfa höllum fæti í dag. Stjórnvöld hafa engar lausnir kynnt til að efla barnabókaútgáfu, læsi og lesskilning.“

Svar FÍB: „Til þessarar framkvæmdar hefur ekki komið. Þó má geta þess að aldrei hafa fleiri barnabókahöfundar hlotið rithöfundalaun en í síðustu úthlutun. Segja má að þar hafi lítil bylting átt sér stað.“

Félag íslenskra bókaútgefenda hefur lagt sig fram um að efla útgáfu barna- og ungmennabóka á síðustu misserum. Flokki barna- og ungmennabóka var bætt við Íslensku bókmenntaverðlaunin í fyrra og verða þau nú veitt í annað sinn þann 30. janúar 2015. Verðlaunaféð nemur einni milljón auk þess sem útgefendur vonast til þess að verðlaunin hjálpi til við sölu handrita erlendis. Í Bókatiðindum 2014 voru kynntir til sögunnar nýir flokkar þýddra og íslenskra ungmennabóka (young adults) auk þess sem



Bóksöluhlustir félagsins birtir nú 10 mest seldu ungmennabækur hverju sinni ásamt hefðbundnum barnabókalista fyrir yngri lesendur.

Markaður fyrir vandaðar íslenskar myndskreyttar bækur fyrir yngri kynslóðina er í raun ekki nógu stór hér á landi til þess að slík útgáfa geti staðið undir eðlilegum kostnaði. Brýnt er að hugað sé að þessum þætti sérstaklega.“

- Virðisaukaskattur á bækur haldist áfram sem lægstur.

Í svari frá FÍB segir: „Það var mikið áfall fyrir íslenska bókaútgáfu þegar ríkisstjórn Íslands samþykkti hækkun virðisaukaskatts á bækur úr 7% í 11% í upphafi þessa árs. Af Evrópuþjóðum eru nú aðeins Lettland, Búlgaría og Danmörk með hærri virðisaukaskatt á bókum en við. Allar aðrar þjóðir leggja lægri skatt á bækur auk þess sem enginn skattur er á bókum í Úkraínu, Bretlandi, Noregi, Írlandi, Færeyjum og á Grænlandi.

Þrátt fyrir að Íslensk málnefnd hafi lagt það til í tillögum sínum að íslenski málstefnu að virðisaukaskattur á bækur héldist áfram sem lægstur þá er ljóst að núverandi stjórnvöld hafa kosið að taka kúvendingu frá þeirri stefnu með því að hækka skattlagningu á bókum.

Tíminn mun leiða í ljós hvaða afleiðingar þessar breytingar munu hafa fyrir útgefendur hér á landi. Það er ljóst að mörg bókaforlög standa fjárhagslega illa að vígi og útgáfan í fyrra dróst nokkuð saman miðað við árið á undan. Bóksala hefur dregist saman um 19% frá því árið 2008 skv. tölum frá Hagstofu Íslands miðað við raunveltu þegar tekið hefur verið tillit til verðbólgu. Afþreyingarúrval á netinu hefur stóraukist og ljóst að samkeppnisstaða bókarinnar er langt því frá að vera sú sama og árið 2008, hvað þá heldur fyrir þann tíma, líkt og núverandi menntamálaráðherra, Illugi Gunnarsson, nefnir þegar hann segir að bókaútgáfa hafi á sínum tíma þolað 14% virðisaukaskatt. Sem vel að merkja var á miklum uppgangstíma þjóðfélagsins. Því skal einnig haldið til haga að á þeim tíma dældi eigandi Eddunnar hundruðum milljóna í bókaforlag sitt sem aldrei fengust til baka.

Svo virðist auk þess sem ekki hafi verið gert ráð fyrir hækkanði bókaverði vegna hækkunar á vsk í fjárhagsúthlutunum til bókasafna.“

Í svari frá BÍL segir: „Hækkun virðisaukaskatts á bækur og hljómlist er til skammar og grefur undan öllum tilraunum listamanna og annarra sem starfa í þessum greinum til að koma verkum sínum á framfæri við almenning.“

Svar RSÍ: „Núverandi stjórnvöld stefna að því að hækka enn virðisaukaskatt á bókum, úr 7 prósentum í 11. Þar með skipum við okkur á bekk með Evrópumeisturum í bókaskatti, en fjórar þjóðir verma þennan bekk fyrir. Ekki er fyrir séð hversu alvarlegar afleiðingar þessi skattahækkun mun hafa í för með sér.“

- Stofna þarf til markvissrar kennslu í að yrkja á íslensku í skólum.

Samkvæmt RSÍ hefur ekki „orðið vart við markvissa kennslu í að yrkja í skólum landsins“.

- Ríkisfjölmiðlar sýni gott fordæmi og sjái til þess að keppt verði eingöngu á íslensku hér heima um framlag Íslands til Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

Í reglum um keppnina segir: „Öll lög í forkeppni Söngvakeppninnar 2015 skulu flutt á íslensku. Á úrslitavöldi keppninnar skulu öll lög sem valin hafa verið áfram í úrslit flutt á því tungumáli sem höfundur hyggst flytja lagið á í ESC 15 í Austurríki, verði lag hans fyrir valinu.“

RÚV hefur þetta um efnið að segja: „Líkt og hér segir verða öll lög flutt á íslensku í undankeppnunum, enda er Söngvakeppnin lagakeppni okkar allra, keppni þar sem fram koma ný og fersk íslensk dægurlög sem verða viðbót í tónlistarflóru landsins. Einnig er gefinn út diskur með lögnum á íslensku ásamt textum og þannig eignast þau framhaldslíf.“

### **Þýðingar og túlkun**

Túlkun hér á landi er mikilvægur liður í aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi og því um leið grundvöllur að íslenskunámi. Ýmsir aðilar bjóða upp á samfélagstúlkun sbr. vef Ríkiskaupa þar sem þessi starfsemi hefur verið boðin út. Þrátt fyrir viðleitni Háskóla Íslands að setja upp nám í samfélagstúlkun hefur ekki tekist að fjármagna það og eru flestir samfélagstúlkar ómenntaðir í fagi sínu.

Löggilding dómtúlka og skjalþýðenda fer fram skv. lögum 148/2001 og er próf haldið að jafnaði annað hvert ár. Próftakar þurfa ekki að uppfylla aðrar kröfur til að fá að taka prófið en að sækja stutt undirbúningsnámskeið, en um leið eru gerðar miklar kröfur til þeirra og er fallprósenta gríðarlega há. Rök standa til að gera þetta að formlegu námi sem hægt væri að sinna innan þýðingafraeðináms hjá Háskóla Íslands og hefur verið sent erindi um það til innanríkisráðuneytisins.

Háskóli Íslands hefur undanfarin ár boðið upp á nám í nytjaþýðingum og ráðstefnutúlkun og útskrifað fyrstu nemendurnar á þeim sviðum. Hins vegar hefur ekki fengist fjármagn í nám í ráðstefnutúlkun á móti styrkjum frá ESB og hafa því ekki verið teknir inn nýir nemendur.

Það er nauðsynlegt fyrir hvert opinbert mál þjóðríkis að til séu hæfir þýðendur og túlkar sem sinnt geta miðlun milli þess og annarra tungumála og fer þörfin vaxandi ár frá ári í hraðfarandi hnattvæðingu. Til þess að byggja upp varanlega þekkingu og endurnýja hóp þeirra sem að þessum verkefnum vinna þarf öflugt nám í þýðingum og túlkun.

Íslendingar verða áfram virkir í ýmiss konar alþjóðasamstarfi og þörfin fyrir þýðingar, túlkun og menningarmiðlun af ýmsum toga mun því ugglauast aukast á komandi árum. Það er sjálfsgöð krafa Íslendinga að hafa aðgang að margvíslegu efni af erlendum uppruna á íslensku. Lög, reglugerðir, viðskiptasamninga, tæknilega staðla, notkunarleiðbeiningar, fræðileg skrif, fagurbókmenntir, kvikmyndir og sjónvarpsefni, svo að fátt eitt sé nefnt, þarf að þýða á íslensku til þess að Íslendingar geti nýtt og notið á móðurmálinu. Íslendingar þurfa enn fremur að geta miðlað efni af íslensku til annarra þjóða. Þá þarf íslenska að vera gjaldgeng hjá alþjóðastofnunum og á alþjóðaráðstefnum þar sem fram fer túlkun á milli ýmissa þjóðtungna. Fjöldi ferðamanna sækir Ísland heim ár hvert og hingað kemur líka fólk hvaðanæva sem býr hér skamma hríð vegna atvinnu sinnar. Þetta fólk þarf að eiga kost á vandaðri samfélagstúlkun.

Brýnt er þess vegna að Íslendingar hafi á að skipa öflugri sveit manna með sérþekkingu á þýðingum, túlkun og menningarmiðlun. Að öðrum kosti verða Íslendingar út undan í samfélagi þjóðanna og íslensk tunga verður hornreka.

Íslensk málnefnd lagði til eftirfarandi markmið:

- Að íslenska standi jafnfætis tungumálum grannþjóðanna í þýðingum og túlkun.

Í því felst að Íslendingar hafi á að skipa stétt vel menntaðra og þjálfaðra sérfræðinga í þýðingum og túlkun er tryggt geti að Íslendingar eigi ætíð kost á vönduðum íslenskum þýðingum á hvers kyns textum, lögum og reglugerðum, fræðilegum textum, fréttatextum og fagurbókmenntum, og jafnframt túlkun yfir á íslensku í fjölmiðlum, á alþjóðlegum ráðstefnum, fundum og fyrir dómstólum. Enn fremur að Íslendingar verði færir um að veita sams konar þýðingar og túlkun af íslensku á önnur tungumál.

Til þess að ofangreint markmið næðist lagði Íslensk málnefnd til:

- Að kennsla í þýðingafræðum við íslenska háskóla verði efl.

Það hefur ekki orðið og mikilvægt er að hvetja til þess að hún verði efl og að meira fé verði lagt til þessa mikilvæga málaflokks.

- Að nám í nytjaþýðingum þar sem lögð er áhersla á þýðingar laga- og tæknitexta og meðferð nytjatexta verði endurvakið.

Sama gildir um nytjapýðingarnar. Mun meiri áherslu þarf að leggja á þær en hingað til hefur verið gert.

- Að nám í ráðstefnutúlkun verði endurvakið með sérstöku tilliti til dómtúlkunar.

Eins og fram kom hér að framan hefur þetta nám verið lagt niður þótt Háskóli Íslands ráði yfir nauðsynlegum tækjabúnaði. Það færist í vöxt að óskað sé eftir túlkun á fundum og ráðstefnum erlendis m.a. í norrænu samstarfi og skammarlegt ef Íslendingar þurfa að hlusta á túlkun þar á öðru máli en íslensku.

- Að stutt verði við þróun hugbúnaðar er gagnast megi við vélrænar þýðingar á íslensku og af íslensku (sjá *Íslenska í tölvuheiminum*).
- Að stutt verði við íðorðastarfsemi, bæði með kennslu í íðorðasmíð, skipulegum stuðningi við orðanefndir og viðurkenningu á íðorðastarfi í háskólum og fræðasamfélaginu almennt.
- Mikilvægt er að til sé íslenskur orðaforði í þýðingarfræði og að virk orðanefnd sé að störfum.
- Að orðabankar á Netinu verði eflir og kynntir.

Nokkrir orðabankar eru þegar til. Benda má á Hugtakasafn Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins, orðabanka Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Tölvuorðasafnið. Gera þarf átak í að kynna þessa orðabanka og gera þeim kleift að vaxa.

- Að í engu verði hvikað frá þeirri stefnu að þýða á íslensku allar erlendar tilskipanir, reglugerðir, ákvarðanir eða tilmæli sem gildi hafa fyrir Íslendinga, þar með talið allt það efni sem heyrir undir EES-samninginn.

Stjórnarráð Íslands setti sér málstefnu og fjallar þar sérstaklega um þýðingar (<http://www.stjornarrad.is/raduneyti/stefnur/nr/495>, sjá einkum 2. kafla). Mikil vinna fer fram á Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins. Hún hefur á að skipa þjálfuðum þýðendum sem leitast við að koma flóknum textum til skila á vönduðu og skiljanlegu máli. Mikilvægt er að þarna verði ekki slakað á.

- Að allir íslenskir fjölmiðlar (prentmiðlar, vefmiðlar og ljósvakamiðlar) verði hvattir til þess að birta ekki efni á erlendu máli nema því fylgi vönduð íslensk þýðing. Auglýsingar verði þar ekki undanþegnar.

Við lifum á breyttum tímum og auðvelt er að ná í erlendar efnisveitur fyrir litla eða enga peninga. Mikilvægt er að íslenskir fjölmiðlar, einkum ljósvakamiðlar, hafi raunhæfa möguleika, einkum hvað efni fyrir börn og unglinga varðar. Þeir þurfa að geta birt enn meira talsett efni fyrir yngstu börnin en nú er kostur á og vandaðar þýðingar fyrir þá aldursflokka sem náð hafa tökum á lestri. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um breytingu á fjölmiðlalögum (sjá kafla um fjölmiðla) og ef það verður staðfest verða allir fjölmiðlar að láta fylgja íslenskan texta með öllu sjónvarpsefni, innlendu sem erlendu.

- Að hugbúnaðarþýðingar verði stórefldar svo að Íslendingar eigi kost á notendaviðmóti á móðurmáli sínu (sjá *Íslenska í tölvubeiminum*).

Hér er þörf á átaki og auknum skilningi á mikilvægi þess að hugbúnaðarþýðingar séu á íslensku.

- Að íslenska ríkið noti aðeins hugbúnað með íslensku viðmóti þar sem því verður við komið. Þetta er einkum brýnt í skólakerfinu (sjá *Íslenska í tölvubeiminum* og *Leikskólar, grunnskólar og frambaldsskólar*).
- Hvetja þarf skólayfirvöld til þess að bjóða ekki nemendum erlent kennsluefni í tengslum við aukna notkun á spjaldtölvum.
- Að aukinn verði stuðningur við þýðingar fagurbókmennta fyrir börn og fullorðna af erlendum málum.

Hér hefur á liðnum fimm árum orðið framför, einkum á vönduðu efni fyrir fullorðna. Bókaverð er hátt og á væntanlega eftir að hækka við hækkun virðisaukaskatts. Mikilvægt er að börn og unglingar kynnist vönduðum bókmenntum erlendra þjóða og geti eignast bækur á viðráðanlegu verði.

## **Íslenska sem annað mál og íslenska erlendis**

### *Íslenska sem annað mál*

Í þessum kafla í Íslensku til alls er meginmarkmiðið:

- Að íslenska verði áfram aðalsamskiptamálið í fjölþjóðlegu samfélagi á Íslandi.

Bent var á að brýnt sé að útlendingum, sem hér setjast að, séu búnar þær aðstæður að þeir geti náð tökum á íslensku og orðið virkir þátttakendur í íslensku samfélagi á íslensku.

Taldar voru upp ýmsar forsendur fyrir því að þetta markmið náist og benti Íslensk málnefnd á leiðir til að nálgast markmiðið:

- Að stefnt verði að stofnun rannsóknastofnunar á háskólastigi er hafi það hlutverk að vinna að rannsóknum á tileinkun og kennslu íslensku sem annars máls og miðla þekkingu á þeim fræðum, meðal annars með því að byggja upp sérstaka námsbraut á háskólastigi í kennslufræði íslensku sem annars máls og vera fræðilegur bakhjarl fyrir þróun kennsluefnis.

Rannsóknastofa í máltileinkun (RÍM) var sett á fót við HÍ árið 2009. Starfið fór hægt af stað en undanfarin ár hefur stofan staðið fyrir málþingum þar sem fræðimenn á þessu sviði við HÍ hafa sagt frá rannsóknum sínum. Auk þess hefur stofan haldið málstofur á Hugvísindapíngi HÍ undanfarin ár. Á aðalfundi á dögum var ákveðið að sækja um styrki til að bjóða erlendum fræðimönnum hingað til að kynna rannsóknir sínar og til að halda ráðstefnu í vor um íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Námsbraut í íslensku sem öðru máli hefur ekki enn verið stofnuð en er í bígerð.

- Að áfram verði veitt fé til íslenskukennslu fyrir útlendinga (fullorðinsfræðslu).
- Að áfram verði veitt fé til þróunar og útgáfu kennsluefnis í íslensku.

Samkvæmt upplýsingum úr menntamálaráðuneytinu hafa framlög til íslenskukennslu fyrir útlendinga lækkað mikið eftir hrunið 2008. Sama á við um styrki til útgáfu og þróunar kennsluefnis.

- Að vinnuveitendur fái sérstaka hvatningu og stuðning til að veita starfsmönnum sínum starfsmiðaða kennslu í íslensku í vinnutíma.

Slíkt hefur ekki tíðkast síðustu ár og hefur líklega aldrei verið mjög algengt. Þó eru ánægjuleg dæmi um að íslenskunámskeið fyrir erlenda starfsmenn hafi verið haldin á vinnutíma, t.d. á Hrafnistu í Hafnarfirði og að sögn starfsmannastjóra þar var mjög almenn ánægja með það fyrirkomulag.

- Að hlúð verði sérstaklega að börnum innflytjenda í íslensku skólakerfi og leitast verði við að tryggja að þau fái fullnægjandi málörvun, bæði í móðurmáli sínu og íslensku.

Í ályktun Íslenskrar málnefndar 2013 var sérstaklega fjallað um málefni barna með annað móðurmál en íslensku. Þar lýsti Íslensk málnefnd yfir áhyggjum af stöðu barna með annað móðurmál en íslensku í skólakerfinu; rannsóknir benda til að þeim líði ekki vel í skólanum og þau fara mun síður í framhaldsskóla en íslenskir innfæddir jafnaldrar þeirra

sem er mikið áhyggjuefni. Í ályktuninni var bent á nauðsyn þess að fræða foreldra tvítýngdra barna og styðja þá í því að hlúa að móðurmáli barnanna. Enn fremur var bent á nauðsyn þess að styrkja kennara og skólakerfið allt svo það geti tekist á við stórauðinn fjölda fjöltyngdra nemenda næstu ár og áratugi.

Hér hefur eitthvað áunnist. Reykjavíkurborg hefur sett af stað starfshóp undir formennsku Sabine Leskopf sem á að skoða stöðu barna með annað móðurmál en íslensku og leita leiða til að sinna þeim ört stækkandi hópi betur en hingað til hefur verið gert. Unnið er að móðurmálskenndu barna með annað móðurmál en íslensku.

- Að efnt verði til jákvæðrar umræðu og fræðslu um íslensku sem annað mál og markvisst unnið að því að bæði útrýma fordómum gagnvart íslensku með erlendum einkennum og hvetja innflytjendur til að læra íslensku.

Ályktun íslenskrar málnefndar 2013 fjallaði um íslensku sem annað mál eins og áður sagði. Þar var m.a. bent á mikilvægi jákvæðrar umræðu og fræðslu í því skyni að draga úr fordómum. Við HÍ hefur undanfarin ár verið þróað kennsluefni sem heitir Íslenskuþorpið. Það nýstárlega við þetta kennsluefni er að þar er samfélagið beinn þátttakandi í kennsluefninu en það er unnið í samstarfi við valin fyrirtæki með það að markmiði að útlendingar sem eru að læra íslensku verði áráðnari að nota íslensku í daglegu lífi og Íslendingar viljugri að tala íslensku við þá.

- Að innflytjendur verði hvattir til að segja sögu sína og tjá sig á íslensku þannig að íslenska sem annað mál fái sess í íslenskri bókmenntasköpun. Efna mætti til námskeiða í skapandi skrifum fyrir þá sem tala íslensku sem annað mál.

Þessum þætti hefur hingað til lítið verið sinnt. Á vegum Reykjavíkurborgar (Bókmenntaborgin Reykjavík) hefur verið staðið fyrir þýðingasmíðjum þar sem skáld sem búa hér, bæði innfædd og aðflutt hafa unnið saman og þýtt efni á milli ólíkra mála. Þau hafa svo kynnt þetta efni á upplestrardagskrám. Nýlega var haldin ritsmiðja með Angelu Rawlings í samvinnu við Söguhring kvenna. Þar voru konur af erlendum uppruna en þær gátu skrifað á hvaða tungumáli sem er - hvort sem er á íslensku eða sínu móðurmáli. Ekki hefur sérstaklega verið staðið að verkefnum þar sem fólk skrifar á íslensku, heldur frekar reynt að skapa vettvang fyrir fólk sem býr hér og er að skrifa til að hittast og hitta aðra sem eru að skrifa og vonandi skilar það sér svo inn í íslenska bókmenntaflóru með tíð og tíma.

#### *Íslenska sem annað mál við HÍ*

Nemendum hefur fjölgað ár frá ári þó aðeins hafi dregið úr fjölguninni síðustu ár. Nýnemar haustið 2014 voru þó um 20% fleiri en haustið 2013.

Aðstaðan til kennslunnar þyrfti að vera miklu betri. Niðurskurður og sparnaður síðustu ára hefur komið illa niður á kennslunni og kennt er í alltof stórum hópum. Til að mæta kennarabörf reida fastir kennarar sig á stundakennara og aðstoðarkennara; það þarf

að fjölga í kennarahópnum og styrkja þar með fræðasviðið sem er orðið mjög brýnt að gera.

### *Íslenska erlendis*

Íslensk málnefnd lagði til þrjú markmið til að styrkja hvers kyns menningarsamskipti erlendis. Til þess að markmiðin næðust lagði hún til:

- Að stefnt verði að stofnun rannsóknarstofu á háskólastigi sem hafi það hlutverk að vinna að fræðilegum og hagnýtum rannsóknum íslensku sem annars og erlends máls, máltileinkun, tvítýngi, menningarläsi og kennslufræði ...

Hér að framan var fjallað um Rannsóknastofu í máltileinkun.

- Að myndarlega verði staðið að íslenskukennslu fyrir erlenda stúdenta og íslensk börn erlendis og stefnt verði að því að fjölga möguleikum til íslenskunáms í skólum, á kvöldnámskeiðum og í fjarnámi.

Dregið hefur úr stuðningi við íslenskukennslu erlendis og við erlenda stúdenta til að stunda nám á Íslandi. Árleg fjárveiting til íslenskukennslu erlendis er um 17 milljónir og sú upphæð hefur ekki breyst frá því fyrir hrun. Nemendafjöldi í íslensku við erlenda háskóla hefur verið sá sami síðustu ár en sums staðar hefur nemendum fjölgað talsvert, t.d. í Helsinki. Það segir sig sjálft að fjárveitingar íslenska ríkisins eru aðeins brot af því sem þarf til að halda kennslunni uppi. Styrkjum frá íslenska ríkinu til nemenda sem vilja stunda nám í íslensku við HÍ hefur einnig fækkað stórlega frá því fyrir hrun; þeir voru um 30 þegar best lét en eru nú aðeins 16.

Íslenskuskólinn, sem fór myndarlega af stað með kennsluefni fyrir íslensk börn erlendis, hefur ekki starfað síðan 2007 vegna fjárskorts. Íslensk stjórnvöld hafa verið treg til að styrkja þessa kennslu.

- Að leitað verði leiða til að þróa enn frekar og gefa út námsefni sem hæfir ólíkum nemendahópum, bæði í prentformi og á Netinu.

Kennsluefnið Icelandic Online (IOL) hefur verið þróað áfram og fengist hafa norrænir styrkir í verkefnið. IOL er sjálfstýrt vefnámskeið í íslensku sem öðru/erlendu máli og er þróað af kennurum og nemendum Háskóla Íslands í samvinnu við íslenskulektora við fimm evrópska háskóla og Háskólann í Wisconsin í Bandaríkjunum. Kennsluefnið var fyrst opnað 2004 og er ókeypis og öllum opið. Námskeiðið er einkum ætlað erlendum háskólanemum en einnig öðrum sem áhuga hafa á íslensku máli og menningu, bæði erlendis og hér á landi. Árið 2006 var efnið þróað til notkunar við fjarkennslu og hefur Tungumálamiðstöð Háskólans boðið upp á fjarnám í tengslum við efnið síðan þá. Nú er unnið að þróun námsmats og prófa.

- Að leitað verði leiða til að fjölga orðabókum á Netinu.

Hér hefur talsvert áunnist. Snara.is selur aðgang að fjölmörgum íslenskum orða- og uppfléttiritum á lágu verði. Netorðabókin ISLEX, sem unnið hefur verið að á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, hefur íslensku sem markmál en þýðingar á dönsku, norsku og sænsku. Unnið er að þýðingum á færeysku og finnsku og fyrstu skrefin hafa verið stigin í átt til frönsku.



- Að stuðlað verði að útrás íslenskunnar henni til hagsbóta með því að efla íslensk fræði við erlenda háskóla og kynningu á íslenskri bókmenningu erlendis.

Unnið hefur verið að kynningu íslenskra bókmennta erlendis og þýðingum á íslenskum skáldverkum á erlend tungumál hefur fjölgað mikið. Minna má á átakið í sambandi við bókamessuna í Frankfurt 2011 og að koma Íslendingasögunum út á þýsku, dönsku, norsku og sænsku í nýjum þýðingum. Þetta verður að teljast mjög jákvætt skref en ekkert gerist af sjálfu sér og mikilvægt er að missa ekki niður það sem áunnist hefur.

Mikilvægur þáttur til kynningar á íslenskum bókmenntum erlendis og til góðra þýðinga á íslenskum bókmenntum er góð íslenskukennsla við erlenda háskóla. Eins og áður var nefnt hafa fjárveitingar til íslenskukennslu við erlenda háskóla verið óbreyttar frá því fyrir hrun og styrkjum til nemenda erlendis til að koma hingað til náms hefur jafnframt fækkað um nálega helming.

Opnuð var skrá um þýðingar á íslenskum fornbókmenntum á neti Landsbókasafns: <http://sagas.landsbokasafn.is/> Þá hefur Landsbókasafnið tekið að sér að skrá nýþýðingar á íslenskum bókmenntum erlendis í samstarfi við Miðstöð íslenskra bókmennta og verður það að teljast jákvæður þáttur í kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis.

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennur hluti. 2004. Menntamálaráðuneytið.

[file:///C:/Users/annathr/Downloads/Mmal%20\(2\).pdf](file:///C:/Users/annathr/Downloads/Mmal%20(2).pdf)

Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennur hluti. 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

[file:///C:/Users/annathr/Downloads/adalnskr\\_frsk\\_2012%20\(1\).pdf](file:///C:/Users/annathr/Downloads/adalnskr_frsk_2012%20(1).pdf)

Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti. 2006. Menntamálaráðuneytið.

[file:///C:/Users/annathr/Downloads/agalmennurhluti\\_2006%20\(1\).pdf](file:///C:/Users/annathr/Downloads/agalmennurhluti_2006%20(1).pdf)

Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti og greinasvið. 2011 og 2013. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

[file:///C:/Users/annathr/Downloads/grunnskoli\\_greinanamskrar\\_netutgafa\\_2013%20\(2\).pdf](file:///C:/Users/annathr/Downloads/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013%20(2).pdf)

Ársskýrsla Ríkisútvarpsins ohf. 1. september 2012–31. ágúst 2013. 2014.

<http://www.ruv.is/files/arsskyrsla-2013-netutgafa.pdf>

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. [20. nóvember 1989, lögfestur á Íslandi 20. febrúar 2013]. 17. gr. c.

<http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>

Fjölmiðlanefnd. [Án árs]. Tal og texti á íslensku. <http://fjolmidlanefnd.is/efirlit/tal-og-texti-a-islensku/>

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (textun myndefnis).

<http://www.althingi.is/altext/144/s/0108.html>

Íslenska til alls. Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu.

Menntamálaráðuneyti 2008. [http://islenskan.is/images/Islenka\\_til\\_alls.pdf](http://islenskan.is/images/Islenka_til_alls.pdf)

Lög um stöðu íslensks máls og íslenskrar tungu nr. 61/2011.

Lög um fjölmiðla nr. 38/2011.

Lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu nr. 23/2013.

Málræktarsjóður. [Án árs]. Styrkveitingar Málræktarsjóðs.

<http://malraektarsjodur.is/index.php/uthlutanir-og-umsoknareydublod/styrkveitingar-malraektarsjods>